

**Orkuveita Reykjavíkur**  
**Samstæða**  
**Ársreikningur 2008**

Orkuveita Reykjavíkur  
Bæjarhálsi 1  
110 Reykjavík

# Efnisyfirlit

---

	bls.		bls.
Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra .....	3	Eiginfjárfirlit .....	8
Áritun óháðs endurskoðanda .....	4	Sjóðstreymisyfirlit .....	9
Rekstrarreikningur .....	5	Skýringar .....	10
Efnahagsreikningur .....	6		

# Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra

Orkuveita Reykjavíkur er sameignarfyrirtæki sem starfar á grundvelli laga nr. 139/2001 um stofnun sameignarfyrirtækis um Orkuveitu Reykjavíkur. Fyrirtækið er sjálfstætt þjónustufyrirtæki sem rekur rafveitu, hitaveitu, vatnsveitu, fráveitu og gagnaveitu á þjónustusvæði sínu.

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS), eins og þeir hafa verið samþykktir af Evrópusambandinu. Ársreikningurinn hefur að geyma samstæðureikning Orkuveitunnar og dótturfyrirtækja.

Tap af rekstri Orkuveitu Reykjavíkur á árinu 2008 nam 73.037 milljónum króna. Samkvæmt efnahagsreikningi nema eignir samstæðunnar 259.373 milljónum króna, bókfært eigið fé í lok ársins er 48.359 milljónir króna og er eiginfjárhluftfall samstæðunnar 18,6%.

Þróun gengis íslensku krónunnar hefur orðið með allt öðrum hætti á árinu en áætlanir samstæðunnar gerðu ráð fyrir. Þessi þróun veldur því að fjármagnskostnaður hækkar verulega á árinu og eigið fé rýrnar.

Í fjárhagsáætlun Orkuveitunnar fyrir árið 2008 var gert ráð fyrir að GVT yrði 155 í árslok og var það byggt á spám greiningadeilda bankanna og opinberra aðila.

GVT í árslok var 216,3. Þann 26. febrúar 2009 var GVT 187,0. Ef vaxtaberandi skuldir félagsins hefðu verið gerðar upp m.v. gengi 26. febrúar 2009 hefðu þær numið 178,7 milljörðum kr. eða 27,1 milljarði lægri en staða þeirra er skráð 31.12.2008. Á sama hátt hefðu innbyggðar afleiður í raforkusölusamningum numið 8,4 milljarði kr. eða 0,7 milljörðum kr. lægri en staða þeirra var í árslok.

Í upphafi ársins sem og í lok þess voru eigendur móðurfyrirtækisins þrír, en þeir eru:	Eignarhluti
Reykjavíkurborg .....	93,539%
Akraneskaupstaður .....	5,528%
Borgarbyggð .....	0,933%

Stjórn fyrirtækisins leggur til að greiddar verði 800 milljónir kr. í arð til eigenda móðurfyrirtækisins á árinu 2009 vegna rekstrar á árinu 2008.

## Yfirlýsing stjórnar og forstjóra

Samkvæmt bestu vitneskju stjórnar og forstjóra Orkuveitu Reykjavíkur er ársreikningur samstæðunnar í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu. Að áliti stjórnar og forstjóra gefur ársreikningurinn glögga mynd af eignum, skuldum og fjárhagsstöðu í árslok 2008 og rekstrarafkomu samstæðunnar sem og breytingu á handbæru fé á árinu 2008.

Það er jafnframt álit stjórnar og forstjóra að ársreikningurinn og skýrsla stjórnar hafi að geyma glögg yfirlit um þróun og rekstrarárangur samstæðunnar, stöðu hennar og lýsi helstu áhættuþáttum og óvissu sem samstæðan býr við.

Stjórn og forstjóri Orkuveitu Reykjavíkur staðfesta hér með ársreikning samstæðunnar fyrir árið 2008.

Reykjavík, 27. febrúar 2009.

Í stjórn fyrirtækisins:

*Guðlaugur G. Sverrisson*

*Gunnar Sigurðsson*

*Dagur B. Eggertsson*

*Dofri Hermannsson*

*Vigdís Hauksdóttir*

*Jórunn Frímannsdóttir*

Forstjóri:

*Hjörleifur B. Kvaran*

# Áritun óháðs endurskoðanda

---

Til stjórnar og eigenda Orkuveitu Reykjavíkur.

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Orkuveitu Reykjavíkur fyrir árið 2008. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu og yfirlýsingu stjórnar og forstjóra, rekstrarreikning, efnahagsreikning, eiginfjáryfirlit, sjóðsteymisyfirlit, upplýsingar um helstu reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

## Ábyrgð stjórnenda á ársreikningnum

Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu. Ábyrgðin felur í sér að skipuleggja, innleiða og viðhalda innra eftirliti sem varðar gerð og glögga framsetningu ársreiknings sem er í meginatriðum án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Ábyrgð stjórnenda nær einnig til þess að beitt sé viðeigandi reikningsskilaaðferðum og mati miðað við aðstæður.

## Ábyrgð endurskoðanda

Ábyrgð okkar felst í því álit sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum og skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fáiast um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðun felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og öðrum upplýsingum í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggist á faglegu mati endurskoðandans, þar með talið á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Við áhættumatid er tekið tillit til þess innra eftirlits sem varðar gerð og glögga framsetningu ársreiknings, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits fyrirtækisins. Endurskoðun felur einnig í sér mat á reikningsskilaaðferðum og matsaðferðum sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins, sem og mat á framsetningu hans í heild.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

## Álit

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu samstæðunnar á árinu 2008, fjárhagsstöðu 31. desember 2008 og breytingu á handbæru fé á árinu 2008, í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu.

Reykjavík, 27. febrúar 2009.

**KPMG hf.**

*Hlynur Sigurðsson*

*Auðunn Guðjónsson*

# Rekstrarreikningur árið 2008

	Skýr.	2008	2007
Rekstrartekjur .....		24.168.198	21.363.792
Orkukaup .....		( 4.363.581)	( 4.220.409)
Laun og launatengd gjöld .....	7	( 3.973.674)	( 3.320.260)
Annar rekstrarkostnaður .....		( 4.179.325)	( 3.908.736)
Afskriftir .....	8	( 6.952.772)	( 5.538.300)
Rekstrarhagnaður		<u>4.698.846</u>	<u>4.376.087</u>
Vaxtatekjur .....		792.526	266.869
Vaxtagjöld .....		( 5.334.364)	( 3.347.331)
Önnur (gjöld) tekjur af fjáreignum og fjárskuldum .....		( 87.981.638)	7.135.640
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld samtals	9	<u>( 92.523.476)</u>	<u>4.055.178</u>
Áhrif hlutdeildarféлага .....	13	( 276.339)	( 121.124)
(Tap) hagnaður fyrir tekjuskatt		<u>( 88.100.969)</u>	<u>8.310.141</u>
Tekjuskattur .....	10	<u>15.064.266</u>	<u>( 1.794.317)</u>
<b>(Tap) hagnaður ársins</b>		<u><u>( 73.036.703)</u></u>	<u><u>6.515.824</u></u>
<b>Skipting (taps) hagnaðar</b>			
Eigendur fyrirtækisins .....		( 72.959.710)	6.508.956
Minnihluti í dótturfélögum .....		( 76.993)	6.868
<b>(Tap) hagnaður ársins</b>		<u><u>( 73.036.703)</u></u>	<u><u>6.515.824</u></u>

Skýringar á bls. 11 til 51 eru ófrávíkjanlegur hluti ársreikningsins.

# Efnahagsreikningur

<b>Eignir</b>	Skýr.	31.12.2008	31.12.2007
Varanlegir rekstrarfjármunir .....	11	226.970.432	162.416.937
Óefnislegar eignir .....	12	1.680.693	1.439.988
Eignarhlutar í hlutdeildarfélögum .....	13	574.470	831.339
Eignarhlutar í öðrum félögum .....	14	10.026.011	9.923.322
Innbyggðar afleiður í raforkusölusamningum .....	15	9.091.449	7.341.316
Aðrar fjáreignir .....	16	105.331	140.848
Tekjuskattseign .....	17	4.169.441	190.443
<b>Fastafjármunir samtals</b>		<u>252.617.827</u>	<u>182.284.193</u>
Birgðir .....	18	1.544.565	969.092
Viðskiptakröfur .....	19	3.292.480	2.750.350
Innbyggðar afleiður í raforkusölusamningum .....	15	0	812.988
Aðrar fjáreignir .....	16	111.374	226.494
Aðrar skammtímakröfur .....	19	563.279	697.023
Handbært fé .....	20	1.243.639	3.751.013
<b>Veltufjármunir samtals</b>		<u>6.755.337</u>	<u>9.206.960</u>
<b>Eignir samtals</b>		<u>259.373.164</u>	<u>191.491.153</u>

Skýringar á bls. 11 til 51 eru ófrávíkjanlegur hluti ársreikningsins.

## 31. desember 2008

	Skýr.	31.12.2008	31.12.2007
<b>Eigið fé</b>			
Sérstakur endurmatsreikningur .....		55.842.384	23.374.919
(Ójafnað tap) óráðstafað eigið fé .....		( 7.517.523)	65.490.687
Eigið fé meirihlutaeigenda		48.324.860	88.865.606
Hlutdeild minnihluta .....		33.770	122.764
<b>Eigið fé samtals</b>		<u>48.358.630</u>	<u>88.988.370</u>
<b>Skuldir</b>			
Vaxtaberandi skuldir .....	22	196.098.760	88.032.626
Lífeyrisskuldbinding .....	23	456.027	395.338
Aðrar fjárskuldir .....	24	34.468	60.550
Tekjuskattsskuldbinding .....	17	0	4.716.084
Langtímaskuldir samtals		<u>196.589.255</u>	<u>93.204.598</u>
Viðskiptaskuldir .....	24	2.443.340	2.692.213
Vaxtaberandi skuldir .....	22	9.681.610	4.608.003
Aðrar fjárskuldir .....	24	17.645	122.474
Ógreiddir reiknaðir skattar .....	17	218	11.169
Aðrar skammtímaskuldir .....	24	2.282.466	1.864.326
Skammtímaskuldir samtals		<u>14.425.279</u>	<u>9.298.185</u>
<b>Skuldir samtals</b>		<u>211.014.534</u>	<u>102.502.783</u>
<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>		<u><u>259.373.164</u></u>	<u><u>191.491.153</u></u>

Skýringar á bls. 11 til 51 eru ófrávíkjanlegur hluti ársreikningsins.

# Eiginfjáryfirlit árið 2008

	Sérstakur endurmats- reikningur	(Ójafnað) óráðstafað eigið fé	Eigið fé meirihluta- eigenda	Hlutdeild minnihluta	Samtals eigið fé
<b>Árið 2008</b>					
Eigið fé 1. janúar 2008.....	23.374.919	65.490.687	88.865.606	122.764	88.988.370
Áhrif af breyttu tekjuskattshlutfalli .....	537.295		537.295		537.295
Sérstakt endurmat .....	40.345.385		40.345.385		40.345.385
Tekjuskattsáhrif af endurmati .....	( 6.895.739)		( 6.895.739)		( 6.895.739)
Innlausn endurmats vegna afskrifta .....	( 1.519.476)	1.519.476	0		0
Tap ársins .....		( 72.959.710)	(72.959.710)	( 76.993)	(73.036.703)
Heildartap ársins .....	32.467.465	( 71.440.234)	(38.972.769)	( 76.993)	(39.049.762)
Aðrar breytingar .....				( 12.000)	( 12.000)
Greiddur arður .....		( 1.567.976)	( 1.567.976)		( 1.567.976)
Eigið fé 31. desember 2008.....	55.842.384	( 7.517.523)	48.324.861	33.770	48.358.630

## Árið 2007

Eigið fé 31. desember 2006 .....	8.731.162	57.823.705	66.554.867	115.896	66.670.763
Breytingar vegna upptöku IFRS .....		2.687.759	2.687.759		2.687.759
Eigið fé 1. janúar 2007, endurgert .....	8.731.162	60.511.464	69.242.626	115.896	69.358.522
Sérstakt endurmat .....	18.865.462		18.865.462		18.865.462
Tekjuskattsáhrif af endurmati .....	( 4.221.705)		( 4.221.705)		( 4.221.705)
Hagnaður ársins .....		6.508.956	6.508.956	6.868	6.515.824
Heildarhagnaður ársins .....	14.643.757	6.508.956	21.152.713	6.868	21.159.581
Greiddur arður .....		( 1.529.733)	( 1.529.733)		( 1.529.733)
Eigið fé 31. desember 2007.....	23.374.919	65.490.687	88.865.606	122.764	88.988.370

Skýringar á bls. 11 til 51 eru ófrávíkjanlegur hluti ársreikningsins.

# Sjóðstreymisýfirlit árið 2008

	Skýr.	2008	2007
<b>Rekstrarhreyfingar</b>			
Handbært fé frá rekstri án vaxta og skatta .....	26	9.813.640	9.530.469
Innborgaðar vaxtatekjur .....		763.308	223.874
Greidd vaxtagjöld .....	(	3.424.224)	( 2.680.243)
Mótttekinn arður .....		101.615	0
Greiðslur vegna annarra fjármunatekna og fjármagnsgjalda .....		444.184	350.529
Handbært fé frá rekstri		<u>7.698.523</u>	<u>7.424.629</u>
<b>Fjárfestingarhreyfingar</b>			
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum .....	(	30.938.902)	( 21.257.849)
Fjárfesting í óefnislegum eignum .....	(	345.652)	( 211.927)
Söluverð varanlegra rekstrarfjármuna .....		0	912.987
Fjárfesting í hlutdeildarfélögum .....	(	707.494)	( 602.662)
Fjárfesting í öðrum fjáreignum .....	(	468.013)	( 8.908.724)
Söluverð og afborganir annarra fjáreigna .....		87.549	120.940
Fjárfestingarhreyfingar	(	<u>32.372.512)</u>	( <u>29.947.235)</u>
<b>Fjármögnunarhreyfingar</b>			
Tekin ný langtímalán .....		15.275.025	31.308.399
Afborganir langtímaskulda .....	(	3.636.999)	( 4.329.977)
Greiddur arður .....	(	1.567.976)	( 1.529.733)
Lánalínur, breyting .....		9.958.393	( 104.794)
Skammtímalán, hækkun .....		1.456.560	706.571
Fjármögnunarhreyfingar		<u>21.485.003</u>	<u>26.050.466</u>
<b>(Lækkun) hækkun á handbæru fé .....</b>	(	<b>3.188.986)</b>	<b>3.527.859</b>
<b>Handbært fé í ársbyrjun .....</b>		<b>3.751.013</b>	<b>253.171</b>
<b>Ahrif gengisbreytinga á handbært fé .....</b>		<b>681.612</b>	<b>( 30.017)</b>
<b>Handbært fé í lok ársins .....</b>		<b><u>1.243.639</u></b>	<b><u>3.751.013</u></b>
<b>Fjárfesting og fjármögnun án greiðsluáhrifa</b>			
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum .....	(	987.713)	( 871.622)
Fjárfesting í eignarhlutum í öðrum félögum .....		0	( 654.161)
Söluverð varanlegra rekstrarfjármuna .....		0	553.000
Aðrar fjáreignir, breyting .....		0	( 553.000)
Skammtímaskuldir, breyting .....		987.713	1.525.783
<b>Aðrar upplýsingar</b>			
Veltufé frá rekstri .....		7.982.781	7.415.843

Skýringar á bls. 11 til 51 eru ófrávíkjanlegur hluti ársreikningsins.

# Efnisyfirlit skýringa

---

	bls.		bls.
1. Fyrirtækið .....	11	16. Aðrar fjáreignir .....	35
2. Grundvöllur reikningsskilanna .....	11	17. Tekjuskattseign og -skuldbinding .....	35
3. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir .....	12	18. Birgðir .....	36
4. Ákvörðun gangvirðis .....	22	19. Aðrar peningalegar eignir .....	36
5. Starfsþáttayfirlit .....	24	20. Handbært fé .....	37
6. Greining á rekstri jarðvarmaorkuvera .....	27	21. Eigið fé .....	37
7. Laun og launatengd gjöld .....	27	22. Vaxtaberandi skuldir .....	37
8. Afskriftir .....	28	23. Lífeyrisskuldbinding .....	39
9. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld .....	28	24. Aðrar fjárskuldir .....	39
10. Tekjuskattur .....	29	25. Áhættustýring og fjármálagerningar .....	40
11. Varanlegir rekstrarfjármunir .....	29	26. Sjóðstremisýfirlit, sundurliðun .....	48
12. Óefnislegar eignir .....	32	27. Tengdir aðilar .....	49
13. Eignarhlutir í hlutdeildarfélagum .....	33	28. Fyrirtæki í samstæðunni .....	50
14. Eignarhlutir í öðrum félagum .....	33	29. Önnur mál .....	51
15. Innbyggðar afleiður í raforkusölusamn. ....	34		

# Skýringar

---

## 1. Fyrirtækið

Orkuveita Reykjavíkur er sameignarfyrirtæki sem starfar á grundvelli laga nr. 139/2001 um stofnun sameignarfyrirtækis um Orkuveitu Reykjavíkur. Fyrirtækið er með höfuðstöðvar að Bæjarhálsi 1 í Reykjavík. Samstæðureikningur fyrirtækisins geymir ársreikning móðurfyrirtækisins og dótturfyrirtækja þess, (sem vísað er til í heild sinni sem „samstæðunnar“) og hlutdeild í hlutdeildarfélögum.

Orkuveita Reykjavíkur er sjálfstætt þjónustufyrirtæki sem rekur rafveitu, hitaveitu, vatnsveitu, fráveitu og gagnaveitu.

## 2. Grundvöllur reikningsskilanna

### a) Yfirlýsing um að alþjóðlegum reikningsskilastöðlum sé fylgt

Ársreikningur samstæðunnar er gerður í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS) eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu.

Stjórn fyrirtækisins staðfesti og heimilaði birtingu ársreikningsins 27. febrúar 2009.

### b) Matsaðferðir

Reikningsskil samstæðunnar byggja á upphaflegu kostnaðarverði, að því undanskildu að:

- hluti varanlegra rekstrarfjármuna hefur verið endurmetinn til gangvirðis.
- afleiðusamningar eru færðir á gangvirði.
- fjármálagerningar á gangverði í gegnum rekstrarreikning eru færðir á gangvirði.
- fjáreignir til sölu eru færðar á gangvirði.

Fjallað er um aðferðir við mat á gangvirði í skýringu 4.

### c) Starfrækslu- og framsetningargjaldmiðill

Ársreikningur samstæðunnar er birtur í íslenskum krónum, sem er starfrækslugjaldmiðill fyrirtækisins. Allar fjárhæðir eru birtar í þúsundum króna nema annað sé tekið fram.

### d) Mat og áætlanir við beitingu reikningsskilaaðferða

Gerð ársreiknings í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaða krefst þess að stjórnendur taki ákvarðanir, meti og gefi sér forsendur sem hafa áhrif á beitingu reikningsskilaaðferða og birtar fjárhæðir eigna, skulda, tekna og gjalda. Endanlegar niðurstöður kunna að vera frábrugðnar þessu mati.

Mat og forsendur þess eru endurskoðaðar reglulega. Áhrifin af breytingum er færð á því tímabili sem breyting er gerð og jafnframt á síðari tímabilum ef breytingin hefur áhrif á þau.

Upplýsingar um mikilvæg atriði, þar sem óvissa í mati og mikilvægi ákvarðana varðandi reikningsskilaaðferðir hefur mest áhrif á skráðar fjárhæðir í reikningsskilunum, er að finna í eftirfarandi skýringum:

- skýring 11 - varanlegir rekstrarfjármunir
- skýring 14 - eignarhlutar í öðrum félögum
- skýring 15 - innbyggðar afleiður í raforkusölusamningum
- skýring 17 - tekjuskattseign og tekjuskattsskuldbinding
- skýring 23 - lífeyrisskuldbinding
- skýring 29 - önnur mál

# Skýringar

---

## 3. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir

Reikningsskilaaðferðum sem lýst er hér á eftir hefur verið beitt með samræmdum hætti á öllum þeim tímabilum sem birt eru í ársreikningnum og af öllum fyrirtækjum í samstæðunni. Tilteknar samanburðarfjárhæðir hafa verið endurflokkaðar í skýringum 11, 12 og 15.

### a) *Grundvöllur samstæðu*

#### (i) *Dótturfyrirtæki*

Dótturfyrirtæki eru þau fyrirtæki þar sem samstæðan fer með yferráð. Yferráð eru til staðar þegar samstæðan hefur vald til að stjórna fjárhags- og rekstrarstefnu fyrirtækis í þeim tilgangi að hagnast á starfsemi þess. Við mat á yferráðum er tekið tillit til mögulegs atkvæðisréttar sem þegar er nýtanlegur. Reikningsskil dótturfyrirtækja eru innifalin í reikningsskilum samstæðunnar frá því að yferráð hefjast og þar til þeim lýkur. Reikningsskilaaðferðum dótturfyrirtækja hefur verið breytt þegar nauðsynlegt hefur verið til að laga þær að aðferðum samstæðunnar.

#### (ii) *Hlutdeildarfélag*

Hlutdeildarfélag eru þau félag sem samstæðan hefur veruleg áhrif á fjárhags- og rekstrarstefnu en ekki yferráð. Veruleg áhrif eru alla jafna til staðar þegar samstæðan ræður yfir 20-50% atkvæðisréttar. Hlutdeildarfélag eru færð í ársreikning samstæðunnar með hlutdeildaraðferð.

Ársreikningur samstæðunnar inniheldur hlutdeild í hagnaði eða tapi hlutdeildarféлага samkvæmt hlutdeildaraðferð. Verði hlutdeild samstæðu í tapi meiri en bókfært verð hlutdeildarfélags er bókfærða verðið fært í núll og færslu frekara taps hætt nema samstæðan hafi gengist í ábyrgðir fyrir viðkomandi félag eða fjármagnað það. Ef hagnaður verður á rekstri hlutdeildarfélags á síðari tímabilum er ekki færð hlutdeild í hagnaði þeirra fyrr en hlutdeild í tapi sem ekki var fært hefur verið jöfnuð.

#### (iii) *Viðskipti felld út við gerð samstæðureiknings*

Viðskipti milli fyrirtækja innan samstæðunnar, stöður milli þeirra og óinnleystar tekjur og gjöld sem myndast hafa í viðskiptum milli fyrirtækjanna eru felld út við gerð ársreiknings samstæðunnar. Óinnleystur hagnaður sem hefur myndast í viðskiptum við hlutdeildarfélag er færður til lækkunar á bókfærðu verði þessara féлага í samræmi við eignarhlut samstæðunnar í fyrirtækjunum. Óinnleyst tap er fellt út með sama hætti og óinnleystur hagnaður, en aðeins að því marki að ekkert bendi til virðisrýrnunar fjárfestinganna.

### b) *Erlendir gjaldmiðlar*

Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum eru færð á gengi viðskiptadags. Peningalegar eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru færðar miðað við gengi á uppgjörstegi og miðar fyrirtækið við miðgengi í dagslok skv. Reuters. Aðrar eignir og skuldir, sem metnar eru á gangvirði í erlendri mynt, eru færðar á því gengi sem var í gildi þegar gangvirði þeirra var ákvarðað.

# Skýringar

---

## 3. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir, frh.

### c) *Fjármálagerningar*

#### (i) *Fjármálagerningar aðrir en afleiðusamningar*

Til fjármálagerninga sem ekki eru afleiðusamningar telst fjárfesting í hlutabréfum, skuldabréfum, viðskiptakröfur, aðrar kröfur, handbært fé, langtímalán, viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir.

Fjármálagerningar sem ekki eru afleiðusamningar eru færðir á gangvirði við upphaflega skráningu í bókhald. Þegar fjármálagerningar eru ekki metnir á gangvirði í gegnum rekstrarreikning, er allur beinn viðskiptakostnaður færður til hækkunar á virði þeirra við upphaflega skráningu í bókhald. Eftir upphaflega skráningu eru fjármálagerningar sem ekki eru afleiðusamningar færðir með þeim hætti sem greinir hér á eftir.

Fjármálagerningar eru færðir í ársreikning þegar samstæðan gerist aðili að samningsbundnum ákvæðum viðkomandi fjármálagerninga. Fjáreignir eru felldar út úr ársreikningi ef samningsbundinn réttur samstæðunnar að sjóðstreymi vegna fjáreignanna rennur út eða ef samstæðan yfirfærir fjáreignirnar til annars aðila án þess að halda eftir yfirráðum eða því sem næst allri þeirri áhættu og ávinningi sem í eignarhaldi á þeim felst. Bókhaldsskráning hefðbundinna kaupa og sölu á fjáreignum er gerð á viðskiptadegi, þ.e. á þeim degi sem samstæðan skuldbindur sig til að kaupa eða selja eignina. Fjárskuldir eru felldar út úr ársreikningi ef skuldbindingar samstæðunnar sem skilgreindar eru í samningi eru greiddar, falla úr gildi, er vísað frá eða þeim er aflétt.

Fjáreignum og fjárskuldum er jafnað saman og nettó fjárhæð færð í efnahagsreikning þegar lagalegur réttur er til staðar um jöfnun og fyrirhugað er að gera upp með jöfnun fjáreigna og fjárskulda.

Handbært fé samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

Í skýringu 3(m) er gerð grein fyrir reikningsskilaaðferðum vegna fjármunatekna og fjármagnsgjalda.

#### *Fjárfestingar til gjalddaga*

Þegar samstæðan hefur bæði fyrirætlanir og getu til að eiga skuldabréf til gjalddaga, eru þau flokkuð sem fjárfestingar til gjalddaga. Slíkar fjárfestingar eru færðar í ársreikningi á afskrifuðu kostnaðarverði miðað við aðferðina um virka vexti, að frádreginni virðisrýrnun þegar við á.

#### *Fjáreignir til sölu*

Samstæðan tilgreinir fjárfestingar í tilteknum eignarhlutum í öðrum félögum og tilteknum skuldabréfum sem fjáreignir til sölu. Þær eru færðar á gangvirði og gangvirðisbreytingar færðar beint á sérstakan lið meðal eigin fjár. Þó er virðisrýrnun vegna fjáreigna til sölu (sjá skýringu 3(h)(i)) og gengismunur gjaldmiðla ef um er að ræða peningalega liði (sjá skýringu 3(b)(i)), færður í rekstrarreikning. Gangvirðisbreytingar, sem færðar hafa verið á eigið fé, eru færðar í rekstrarreikning þegar fjáreign til sölu er færð úr ársreikningi.

#### *Fjáreignir og fjárskuldir á gangvirði í gegnum rekstrarreikning*

Fjármálagerningur er flokkaður sem fjáreign eða fjárskuld á gangvirði í gegnum rekstrarreikning sé hann veltufjáreign eða veltufjárskuld eða ef hann er tilgreindur sem fjármálagerningur á gangvirði í gegnum rekstrarreikning við upphaflega skráningu í bókhald. Fjármálagerningar eru tilgreindir á gangvirði í gegnum rekstrarreikning ef ákvarðanir um kaup og sölu byggjast á gangvirði þeirra. Fjáreignir og fjárskuldir á gangvirði í gegnum rekstrarreikning eru færðar á gangvirði í efnahagsreikning. Gangvirðisbreytingar eru færðar í rekstrarreikning. Beinn viðskiptakostnaður er færður í rekstrarreikning þegar hann fellur til.

# Skýringar

---

## 3. Mikilvægar reikningskilaaðferðir, frh.

### c) *Fjármálagerningar, frh*

#### *Aðrir fjármálagerningar*

Aðrir fjármálagerningar, sem ekki teljast afleiðusamningar, eru færðir á afskrifuðu kostnaðarverði miðað við virka vexti, að frádreginni virðisrýrnun þegar við á.

#### (ii) *Afleiðusamningar*

Samstæðan notar afleiðusamninga til að verjast gjaldmiðla-, vaxta- og álverðsáhattu. Innbyggðar afleiður eru aðskildar frá grunnsamningum og færðar sérstaklega þegar efnahagsleg einkenni og áhætta grunnsamningsins og innbyggðrar afleiðu eru ekki nátengd, annar gerningur með sömu ákvæði og innbyggða afleiðan væri skilgreindur sem afleiðusamningur og blandaði gerningurinn er ekki metinn á gangvirði gegnum rekstrarreikning.

Við upphaflega skráningu eru afleiðusamningar færðir á gangvirði. Viðskiptakostnaður þeim tengdur er færður í rekstrarreikning þegar hann fellur til. Eftir upphaflega skráningu eru afleiðusamningar færðir á gangvirði í efnahagsreikning og gangvirðisbreytingar færðar í rekstrarreikning.

#### *Efnahagslegar varnir*

Samstæðan notar afleiðusamninga til að takmarka vaxtaáhattu. Áhættuvarnareikningsskilum er ekki beitt. Gangvirðisbreytingar af slíkum afleiðusamningum eru færðar í gegnum rekstrarreikning.

#### *Hagrænar varnir*

Áhættuvarnareikningsskilum er ekki beitt vegna afleiðusamninga sem ætlað er að verja peningalegar eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum. Gangvirðisbreytingar slíkra afleiðusamninga eru færðar meðal tekna og gjalda af fjáreignum og fjárskuldum í rekstrarreikningi.

#### *Aðskyldar innbyggðar afleiður*

Gangvirðisbreytingar aðskyldra innbyggðra afleiða eru færðar í rekstrarreikning.

### d) *Varanlegir rekstrarfjármunir*

#### (i) *Færsla og mat*

Varanlegir rekstrarfjármunir, aðrir en dreifikerfi og framleiðslukerfi, eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádregnum uppsöfnuðum afskriftum og virðisrýrnun.

Kostnaðarverð samanstendur af beinum kostnaði sem fellur til við kaupin. Kostnaðarverð varanlegra rekstrarfjármuna sem samstæðan byggir sjálf innifelur efniskostnað og launakostnað, annan kostnað sem fellur til við að koma eigninni í notkun, auk kostnaðar sem áætlað er að muni falla til við niðurrif eigna telst vera hluti af kostnaðarverði eignanna. Keyptur hugbúnaður sem er nauðsynlegur til að unnt sé að nýta vélbúnað er eignfærður sem hluti af þeim tækjabúnaði.

Þegar varanlegir rekstrarfjármunir eru samsettir úr einingum með ólíkan nýtingartíma eru einingarnar aðgreindar og afskrifaðar miðað við nýtingartímamann.

# Skýringar

## 3. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir, frh.

### d) *Varanlegir rekstrarfjármunir, frh.*

Hagnaður eða tap af sölu varanlegra rekstrarfjármuna er munurinn á söluverðinu og bókfærðu verði eignarinnar og er fært í rekstrarreikning meðal annarra tekna. Þegar endurmetnir varanlegir rekstrarfjármunir eru seldir er endurmat þeirra meðal eigin fjár fært á óráðstafað eigið fé.

Vaxtagjöld af lánsfé sem nýtt er til fjármögnunar á kostnaðarverði mannvirkja í byggingu eru eignfærð á byggingartíma. Á undirbúningskostnað eru ekki reiknaðir vextir. Eftir að eignirnar eru teknar í notkun eru vaxtagjöld færð til gjalda í rekstrarreikningi.

Dreifikerfi og framleiðslukerfi samstæðunnar að undanskildu gagnaveitukerfi eru skráð á endurmetnu verði í efnahagsreikningnum sem er gangvirði þeirra á endurmatsdegi að frádregnum viðbótar afskriftum frá þeim tíma. Endurmat þessara eigna er framkvæmt með reglubundnum hætti. Allar verðmatshækkunar vegna þessa endurmats eru færðar á sérstakan endurmatsreikning meðal eigin fjár að teknu tilliti til áhrifa á tekjuskattsskuldbindingu. Afskriftir af endurmetna verðinu eru færðar í rekstrarreikning. Innlausn endurmats vegna afskrifta er færð af sérstökum endurmatsreikningi á óráðstafað eigið fé að teknu tilliti til tekjuskattsáhrifa. Við sölu eða niðurlagningu eignar er sá hluti sérstaka endurmatsreikningsins sem tilheyrir þeirri eign færður á óráðstafað eigið fé.

#### (ii) *Kostnaður sem fellur til síðar*

Kostnaður við að endurnýja einstaka hluta varanlegra rekstrarfjármuna er færður til eignar ef líklegt er talið að ávinningur sem felst í eigninni muni renna til samstæðunnar og hægt er að meta kostnaðinn á áreiðanlegan hátt. Allur annar kostnaður er gjaldfærður í rekstrarreikningi þegar til hans er stofnað.

#### (iii) *Afskriftir*

Afskriftir eru reiknaðar sem fastur árlegur hundraðshluti af kostnaðarverði eða endurmetnu kostnaðarverði miðað við áætlaðan nýtingartíma einstakra hluta varanlegra rekstrarfjármuna. Land er ekki afskrifað. Áætlaður nýtingartími greinist þannig:

Framleiðslukerfi .....	5-50 ár
Dreifikerfi rafveitu .....	5-50 ár
Dreifikerfi hitaveitu .....	7-50 ár
Dreifikerfi vatnsveitu .....	5-50 ár
Dreifikerfi fráveitu .....	15-50 ár
Dreifikerfi gagnaveitu .....	7-25 ár
Aðrar fasteignir .....	17-50 ár
Aðrir lausafjármunir .....	3-20 ár

Afskriftaraðferðir, nýtingartími og niðurlagsverð eru endurmetin á uppgjörsdegi.

### e) *Óefnislegar eignir*

#### (i) *Hitaréttindi*

Hitaréttindi eru færð til eignar í efnahagsreikningi á afskrifuðu kostnaðarverði. Hitaréttindi eru aðskilin frá landi við kaup.

# Skýringar

## 3. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir, frh.

### e) Óefnislegar eignir, frh.

#### (ii) Undirbúningskostnaður

Undirbúningskostnaður er færður til eignar á kostnaðarverði. Kostnaður þessi hefur fallið til við undirbúning ákveðinna skilgreindra verkefna. Kostnaður vegna þeirra er aðeins eignfærður ef hægt er að meta hann á áreiðanlegan hátt og verkefnið er tæknilega og viðskiptalega arðvænlegt, ávinningur er talinn líklegur og fyrirtækið hefur bæði ásetning og getu til að ljúka verkefninu og hefur áform um að afla tekna af því eða selja það. Kostnaður þessi er gjaldfærður þegar fallið er frá verkefninu eða forsendur breytast.

#### (iii) Aðrar óefnislegar eignir

Aðrar óefnislegar eignir eru metnar á kostnaðarverði að frádregnum uppsöfnuðum afskriftum og virðisrýrnun.

#### (iv) Kostnaður sem fellur til síðar

Kostnaður sem fellur til síðar er aðeins eignfærður ef hann eykur væntan framtíðarávinning þeirrar eignar sem hann tengist. Allur annar kostnaður er gjaldfærður í rekstrarreikningi þegar hann fellur til.

#### (v) Afskriftir

Afskriftir eru færðar línulega í rekstrarreikning miðað við áætlaðan nýtingartíma óefnislegra eigna frá þeim degi sem þær eru nýtanlegar. Áætlaður nýtingartími greinist þannig:

Hitaréttindi .....	100 ár
Hugbúnaður .....	5-10 ár

### f) Leigðar eignir

Leigusamningar, sem eru með þeim skilmálum að efnislega öll áhætta og ávinningur sem fylgja eignarhaldi á hinum leigðum eignum færast yfir til samstæðunnar, eru flokkaðir sem fjármögnunarleigusamningar. Við upphaflega skráningu í bókhaldi eru eignirnar færðar á gangvirði eða núvirði lágmarksleigugreiðslna, hvort sem lægra reynist. Á síðari reikningsskiladögum eru eignirnar færðar samkvæmt þeirri reikningsskilaaðferð sem gildir um viðkomandi eignir.

Aðrir leigusamningar teljast til rekstrarleigusamninga og eru hinar leigðu eignir ekki færðar til eignar.

### g) Birgðir

Birgðir eru metnar á kostnaðarverði eða hreinu söluvirði, hvoru sem lægra reynist. Kostnaðarverð birgða byggir á fyrst inn fyrst út reglunni og innifelur kostnað sem fellur til við að afla birgðanna og koma þeim á þann stað og í það ástand sem þær eru í á uppgjörsdegi. Hreint söluvirði er áætlað söluverð í venjulegum viðskiptum að frádregnum áætluðum kostnaði við að selja vöru.

# Skýringar

---

## 3. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir, frh.

### h) Virðisrýrnun

#### (i) Fjáreignir

Á hverjum uppgjörstegi er kannað hvort til staðar sé hlutlæg vísbending um virðisrýrnun fjáreigna. Fjáreign telst vera virðisrýrð ef hlutlægar vísbendingar eru um að einn eða fleiri atburðir sem átt hafa sér stað benda til þess að vænt framtíðarsjóðstreymi af viðkomandi eign verði lægra en áður var talið.

Virðisrýrnun fjáreigna sem færðar eru á afskrifuðu kostnaðarverði er mismunurinn á bókfærðu verði þeirra annars vegar og núvirtu væntu framtíðarsjóðstreymi miðað við upphaflega virka vexti hins vegar. Virðisrýrnun fjáreigna til sölu er ákvarðað með hliðsjón af gangvirði þeirra á hverjum tíma. Samstæðan skilgreinir gangvirðislækkun niður fyrir kostnaðarverð sem hlutlæga vísbendingu um virðisrýrnun fjáreigna til sölu þegar:

- um er að ræða lækkun 15% niður fyrir kostnaðarverð eða
- gangvirðislækkun vari í a.m.k. sex mánuði.

Einstakar mikilvægar fjáreignir eru prófaðar sérstaklega hver um sig með tilliti til virðisrýrnunar. Aðrar fjáreignir eru flokkaðar saman eftir lánsáhættueinkennum.

Virðisrýrnun fjáreigna er færð í rekstrarreikning. Uppsafnað tap af fjáreignum til sölu sem fært hefur verið á eigið fé er fært í rekstrarreikning.

Virðisrýrnun er bakfærð ef hægt er að tengja bakfærsluna með hlutlægum hætti atburðum sem hafa orðið eftir að virðisrýrnun var færð. Bakfærsla virðisrýrnunar fjáreigna sem færðar eru á afskrifuðu kostnaðarverði og fjáreigna til sölu sem eru skuldabréf er færð í rekstrarreikning. Bakfærsla virðisrýrnunar fjáreigna til sölu sem eru hlutabréf er færð beint á eigið fé.

#### (ii) Aðrar eignir

Bókfært verð annarra eigna, að undanskildum birgðum og tekjuskattseign, er yfirfarið á hverjum uppgjörstegi til að meta hvort vísbendingar séu um virðisrýrnun þeirra. Sé einhver slík vísbending til staðar er endurheimtanleg fjárhæð eignarinnar metin.

Endurheimtanleg fjárhæð eignar eða fjárskapandi einingar er hreint gangvirði þeirra eða nýtingarvirði, hvort sem hærra reynist. Nýtingarvirði er metið miðað við áætlað framtíðarsjóðstreymi, sem er núvirt með vöxtum fyrir skatta, sem endurspeglar mat markaðarins á tímavirði peninga hverju sinni og þeirri áhættu sem fylgir eignunum.

### i) Hlunnindi starfsmanna

#### (i) Iðgjaldatengd lífeyriskerfi

Kostnaður vegna framlaga í iðgjaldatengd lífeyriskerfi er gjaldfærður í rekstrarreikningi þegar hann fellur til.

#### (ii) Réttindatengd lífeyriskerfi

Skuldbinding samstæðunnar vegna réttindatengdra lífeyriskerfa er reiknuð sérstaklega fyrir hvert kerfi með því að áætla framtíðarvirði lífeyrisréttinda sem núverandi og fyrrverandi starfsmenn hafa áunnið sér á yfirstandandi og fyrri tímabilum. Réttindin eru afvöxtuð til að finna núvirði þeirra og er allur ófærður fyrri kostnaður og raunvirði eigna til greiðslu lífeyris dreginn frá. Tryggingastærðfræðingur reiknar skuldbindingu á grundvelli aðferðar sem miðast við áunnin réttindi. Breytingar á skuldbindingunni eru færðar í rekstrarreikning þegar þær falla til.

# Skýringar

---

c) **Mikilvægar reikningskilaaðferðir, frh.**

j) **Skuldbindingar**

Skuldbinding er færð í efnahagsreikninginn þegar fyrirtækinu ber lagaleg skylda eða hefur tekið á sig skuldbindingu vegna fyrri atburðar og líklegt er að kostnaður lendi á því við að gera upp skuldbindinguna. Skuldbindingin er metin út frá væntu framtíðarfjárflæði, sem er núvirt með vöxtum sem endurspeglar markaðsvexti og þá áhættu sem fylgir skuldbindingunni.

k) **Tekjur**

Tekjur af sölu á raforku og vatni ásamt orkuflutningi og dreifingu eru færðar í rekstrarreikning samkvæmt mældri afhendingu til kaupenda á tímabilinu. Aðrar tekjur eru færðar þegar til þeirra er unnið eða við afhendingu vöru eða þjónustu.

Við tengingu nýrra notenda við flutningskerfi eða við endurnýjun á tengingu er innheimt stofngjald af þeim. Stofngjaldið mætir kostnaði vegna nýrra flutningskerfa eða endurnýjunar þeirra. Tekjur af tengigjöldum eru færðar í rekstrarreikning við afhendingu þjónustunnar.

l) **Leigugreiðslur**

Tekjur og gjöld vegna rekstrarleigusamninga eru færð línulega í rekstrarreikning á leigutímanum. Hvatar sem fyrirtækið fær vegna rekstrarleigusamninga eru færðir í rekstrarreikning sem óaðskiljanlegur hluti heildarleigugjalda.

Lágmarksleigugreiðslur fjármögnunarleigusamninga skiptast í vaxtagjöld og afborganir á eftirstöðvum skulda. Vaxtagjöldunum er dreift á leigutímamann miðað við virka vexti.

m) **Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld**

Fjármunatekjur samanstanda af vaxtatekjum af fjárfestingum, arðstekjum, breytingum á gangvirði fjáreigna þar sem gangvirðisbreyting er færð í rekstrarreikning, gengishagnaði af erlendum gjaldmiðlum og hagnaði af áhættuvarnargerningum sem er færður í rekstrarreikning. Vaxtatekjur eru færðar eftir því sem þær falla til miðað við virka vexti. Arðstekjur eru færðar í rekstrarreikning á þeim degi sem arðsúthlutun er samþykkt.

Fjármagnsgjöld samanstanda af vaxtakostnaði af lántökum, bakfærslu núvirðingar skuldbindinga, gengistapi af erlendum gjaldmiðlum, tapi af áhættuvarnargerningum sem fært er í rekstrarreikning og virðisrýrnun fjáreigna. Lántökukostnaður er færður í rekstrarreikning miðað við virka vexti.

Virkir vextir eru ávöxtunarkrafa sem notuð er við núvirðingu áætlaðs sjóðstreymis yfir áætlaðan líftíma fjármálagernings eða styttra tímabil, eftir því sem við á, þannig að það jafngildi bókfærðri fjárhæð fjáreignarinnar eða fjárskuldarinnar í efnahagsreikningi.

# Skýringar

---

## 3. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir, frh.

### n) *Tekjuskattur*

Gjaldfærður tekjuskattur samanstendur af tekjuskatti til greiðslu og frestuðum tekjuskatti. Tekjuskattur er færður í rekstrarreikning nema þegar hann varðar liði sem eru færðir beint á eigið fé, en í þeim tilvikum er tekjuskatturinn færður á eigið fé.

Tekjuskattur til greiðslu er tekjuskattur sem áætlað er að komi til greiðslu á næsta ári vegna skattskylds hagnaðar ársins, miðað við gildandi skatthlutfall á uppgjörsteggi, auk leiðréttinga á tekjuskatti til greiðslu vegna fyrri ára. Tekjuskattshlutfall er 23,5%, en hluti starfseminnar er undanþeginn skattskyldu (rekstur vatnsveitu og fráveitu).

Frestaður tekjuskattur er færður vegna tímabundinna mismuna á bókfærðu verði eigna og skulda í ársreikningnum annars vegar og skattverði þeirra hins vegar. Útreikningur á frestuðum skatti byggir á því skatthlutfalli sem vænst er að verði í gildi þegar tímabundnir mismunir koma til með að snúast við, miðað við gildandi lög á uppgjörsteggi.

Tekjuskattseign er einungis færð að því marki sem líklegt er talið að skattskyldur hagnaður verði til ráðstöfunar í framtíðinni, sem unnt verður að nýta eignina á móti. Tekjuskattseign er metin á hverjum uppgjörsteggi og lækkuð að því marki sem talið er að hún komi ekki til með að nýtast.

### o) *Starfsþáttayfirlit*

Starfsþáttur er aðgreinanlegur hluti samstæðunnar sem fæst annaðhvort við að útvega einstakar vörur eða þjónustu (rekstrarstarfsþáttur) eða við að útvega vörur eða þjónustu innan ákveðins efnahagslegs umhverfis (landsvæðisstarfsþáttur) og er hann háður áhættu og ávinningi sem eru frábrugðnir áhættu og ávinningi annarra starfsþátta. Starfsþáttaupplýsingar samstæðunnar byggja á rekstrarstarfsþáttum og eru birtar annars vegar eftir rekstrarsviðum og hins vegar eftir miðlum í samræmi við skipulag og innri upplýsingagjöf samstæðunnar. Fyrirtækið birtir ekki starfsþáttayfirlit eftir landssvæðum því starfsemi félagsins er að langmestu leyti á Íslandi.

Viðskipti milli starfsþátta eru verðlögð eins og um óskylda aðila væri að ræða.

Rekstrarafkoma starfsþátta, eignir og skuldir þeirra samstanda af liðum sem tengja má beint við hvern starfsþátt, auk þeirra liða sem hægt er að skipta á rökrænan hátt niður á starfsþætti. Liðir sem ekki eru flokkaðir með einstökum starfsþáttum eru aðallega fjárfestingar (aðrar en fjárfestingafasteignir) og tengdar tekjur, lántökur og tengdur kostnaður, sameiginlegar eignir og tengdur kostnaður, auk frestaðs tekjuskatts.

Fjárfestingar starfsþátta eru fjárfestingar í varanlegum rekstrarfjármunum og óefnislegum eignum.

### p) *Nýir reikningsskilastaðlar og túlkanir á þeim sem hafa verið innleiddar á árinu 2008*

IFRIC 11, IFRS 2 - *Viðskipti með eigin hluti í samstæðu* og IFRIC 14, IAS 19 - *Takmörkunin á réttindatengdum eignum, ákvæði um lágmarksfjármögnun og samspil þeirra* tóku gildi á árinu 2008 en höfðu ekki áhrif á ársreikning samstæðunnar.

# Skýringar

## 3. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir, frh.

### q) *Nýir reikningsskilastaðlar og túlkanir á þeim sem hafa ekki verið innleiddar af samstæðunni fyrir gildistöku þeirra*

Eftirfarandi reikningsskilastaðlar, breytingar á reikningsskilastöðlum og túlkanir á þeim hafa ekki tekið gildi í árslok 2008 og hafa ekki verið notaðir við gerð þessa ársreiknings:

IFRS 8 *Starfsþættir*. Gerð er krafa um að upplýsingar séu settar fram með sambærilegum hætti og þær berast lykilstjórnendum samstæðunnar. Í ársreikningi eru veittar upplýsingar um rekstrarstarfsþætti og miðla í skýringu 5. IFRS 8 mun gilda um ársreikning samstæðunnar 2009.

Í endurbættum IAS 1 *Framsetning reikningsskila* (2007) er kynnt hugtakið heildarafkoma, sem samanstendur af breytingum á eigin fé, öðrum en breytingum á eigin fé vegna viðskipta við eigendur þegar þeir eru í stöðu eigenda. Heildarafkoma er heimilt að setja fram í einu yfirliti um heildarafkoma (sem samanstendur af rekstrarreikningi og öllum hreyfingum á eigin fé öðrum en vegna viðskipta við eigendur þegar þeir eru í stöðu eigenda), eða í tveimur yfirlitum (þ.e. annars vegar rekstrarreikningi og hins vegar yfirliti um heildarafkoma). Endurbættur IAS 1 mun gilda um ársreikning samstæðunnar 2009 og mun væntanlega hafa veruleg áhrif á framsetningu samstæðureikningsins. Er ráðgert að setja yfirlit um heildarafkoma fram í einu yfirliti.

Í endurbættum IAS 23 *Lántökukostnaður* er felld niður heimild til að gjaldfæra lántökukostnað og þess krafist að lántökukostnaður sé eignfærður sem hluti af kostnaðarverði eignarinnar ef lántökukostnaðurinn tengist beint kaupum, smíðum eða framleiðslu eignfærsluhæfrar eignar. Endurbættur IAS 23 mun gilda um ársreikning samstæðunnar 2009 og fela í sér breytingar á reikningsskilaaðferðum hennar. Verður staðlinum beitt við eignfærslu lántökukostnaðar sem stofnað er til eftir gildistöku breytingarinnar og mun innleiðing hans því ekki hafa nein áhrif á samanburðarfjárhæðir í ársreikningi samstæðunnar fyrir árið 2009.

Endurbættur IFRS 3 *Sameiningar fyrirtækja* (2008) innleiðir eftirfarandi breytingar sem munu líklega hafa áhrif á rekstur samstæðunnar:

- Skilgreiningin á rekstri hefur verið útvíkuð, sem mun líklega leiða til þess að fleiri kaup verði skilgreind sem sameining fyrirtækja.
- Skilyrtar greiðslur verða metnar á gangvirði og síðari breytingar þeirra færðar í rekstrarreikning.
- Viðskiptakostnaður, annar en sá sem tilheyrir útgáfu verðbréfa, verður gjaldfærður þegar hann fellur til.
- Þeir hlutir sem fjárfestir á áður en hann öðlast yfiráð eru metnir á gangvirði á yfirtökudegi og hagnaður eða tap færður í rekstrarreikning.
- Hlutdeild minnihluta verður metin annað hvort á gangvirði eða sem hlutdeild í aðgreinanlegum eignum og skuldum yfirtekins rekstrar, miðað við hver kaup fyrir sig.

Endurbættur IFRS 3 mun gilda um ársreikning samstæðunnar fyrir árið 2010 verði hann samþykktur af Evrópusambandinu. Beita skal staðlinum á viðskipti sem eiga sér stað eftir gildistöku hans og hefur innleiðing hans því engin áhrif á samanburðarfjárhæðir í ársreikningi samstæðunnar.

Í endurbættum IAS 27 *Samstæðureikningsskil og aðgreind reikningsskil* (2008) er gerð krafa um að færa áhrif af breyttri eignarhlutdeild í dótturfélagi, sem felur ekki í sér breytingu á yfiráðum, sem eiginfjárbreytingu. Þegar samstæðan missir yfiráð yfir dótturfélagi er hluturinn sem eftir verður í eigu samstæðunnar metinn á gangvirði og hagnaður eða tap fært í rekstrarreikning. Endurbættur IAS 27 mun gilda um ársreikning samstæðunnar fyrir árið 2010 verði hann samþykktur af Evrópusambandinu. Ekki er talið að innleiðing hans hafi veruleg áhrif á samstæðureikninginn.

# Skýringar

## 3. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir, frh.

### q) Nýir reikningsskilastaðlar og túlkunir á þeim sem hafa ekki verið innleiddar, frh.

Í endurbættum IFRS 2 *Eignarhlutatengd greiðsla – ávinnsluskiyrði og ógilding* (2008) er hugtakið ávinnsluskiyrði skilgreint nánar og kynnt hugtak um önnur skilyrði sem teljast ekki vera ávinnsluskiyrði (e. non-vesting conditions). Gerð er krafa um að þau skilyrði sem ekki teljast ávinnsluskiyrði séu einnig hluti af gangvirði á samningsdegi. Þá koma fram reglur um reikningsskilalega meðferð skilyrða sem ekki teljast ávinnsluskiyrði og um ógildingu samninga um eignarhlutatengdar greiðslur. Verði endurbættur IFRS 2 samþykktur af Evrópusambandinu mun hann gilda um ársreikning samstæðunnar fyrir árið 2009, með afturvirkri beitingu. Möguleg áhrif af innleiðingu staðalsins hafa ekki ennþá verið greind hjá samstæðunni.

Í endurbættum IAS 32 *Fjármálagerningar: framsetning* og IAS 1 *Framsetning reikningsskila – innleysanlegir fjármálagerningar og skuldbindingar* sem verða til við slit er gerð sú krafa, að innleysanlegir fjármálagerningar og gerningar sem skylda einingu til að afhenda öðrum aðila hlutfallslegan hlut í hreinum eignum einingar eingöngu við slit séu flokkuð sem eigið fé, að því gefnu að tiltekin skilyrði séu uppfyllt. Verði endurbæturnar samþykktar af Evrópusambandinu, gilda þær um ársreikning samstæðunnar fyrir árið 2009, með afturvirkri beitingu. Ekki er talið að endurbæturnar hafi áhrif á samstæðureikninginn.

Í endurbættum IAS 39 *Fjármálagerningar: skráning og mat – Hæfir áhættuvarnarliðir* eru veittar nánari útskýringar á beitingu gildandi reikningsskilareglna sem taka til þess hvort tilteknar áhættur eða hluta sjóðsstreymis eru talin hæf fyrir tilgreiningu í áhættuvarnarsambandi. Verði endurbæturnar samþykktar af Evrópusambandinu, gilda þær um ársreikning samstæðunnar fyrir árið 2010, með afturvirkri beitingu. Ekki er talið að endurbæturnar hafi áhrif á samstæðureikninginn.

Sem lið í fyrsta árlega endurbótarkerfi, gerði Alþjóðlega reikningsskilaráðið tilteknar breytingar á reikningsskilastöðlum. Gildistaka breytinganna er ólík á milli staðla en flestar gilda um ársreikning samstæðunnar fyrir árið 2009 verði þær samþykktar af Evrópusambandinu. Ekki er talið að endurbæturnar hafi veruleg áhrif á samstæðureikninginn.

IFRIC 13 *Tryggðarkerfi* fjallar um reikningsskil félaga sem starfrækja, eða taka með öðrum hætti þátt í, tryggðarkerfi fyrir viðskiptamenn sína. Það tengist tryggðarkerfum þar sem viðskiptamennirnir geta nýtt inneign sína með því að fá ókeypis eða með afslátt vörur eða þjónustu. Verði IFRIC 13 samþykkt af Evrópusambandinu mun hún gilda um ársreikning samstæðunnar fyrir árið 2009 og mun væntanlega ekki hafa nein áhrif á samstæðureikninginn.

IFRIC 15 *Samningar um byggingu fasteigna* gildir um skráningu tekna og tilheyrandi gjalda hjá einingum sem ráðast sjálf í byggingu fasteigna eða með aðstoð undirverktaka. Verði IFRIC 15 samþykkt af Evrópusambandinu gildir túlkunin um ársreikning samstæðunnar fyrir árið 2009 en ekki er talið að hún hafi nein áhrif á samstæðureikninginn.

Í IFRIC 16 *Áhættuvarnir vegna nettó fjárfestingar í erlendri starfsemi* er eftirfarandi skýrt nánar:

- áhættuvarnarreikningsskil vegna nettó fjárfestingar er eingöngu hægt að beita á gjaldmiðlagengismun sem myndast á milli starfrækslugjaldmiðils erlendu starfseminnar og starfrækslugjaldmiðli móðurfélagsins og eingöngu að því marki sem nemur nettó eignum erlendu starfseminnar
- áhættuvarnargerningnum getur verið haldið í hvaða einingu sem er innan samstæðunnar að undanskildri þeirri starfsemi sem verið er að verja
- við ráðstöfun á áhættuvarðri starfsemi skal færa í rekstrarreikning uppsafnaðan hagnað eða tap af virka hluta áhættuvarnarinnar.

Túlkunin heimilar þeim einingum sem semja samstæðureikningsskil fyrir undirsamstæður sínar með því að beita samstæðureikningsskilum í skrefum að velja milli þess hvort, við ráðstöfun á starfsemi, uppsafnaður þýðingarmunur sé færður í rekstrarreikning með sama hætti eins og aðferðinni um bein samstæðureikningsskil hafi alltaf verið beitt. Verði IFRIC 16 samþykkt af Evrópusambandinu mun hún gilda um ársreikning samstæðunnar fyrir árið 2009, með framvirkri beitingu. Túlkunin mun líklega ekki hafa nein áhrif á samstæðureikninginn.

# Skýringar

---

## 3. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir, frh.

### q) *Nýir reikningsskilastaðlar og túlkanir á þeim sem hafa ekki verið innleiddar, frh.*

Í IFRIC 17 *Úthlutun eigna til eigenda, öðrum en reiðufé* eru veittar leiðbeiningar um skráningu, mat og uppgjör á skuldum vegna úthlutunar eigna til eigenda, sem ekki er í formi reiðufjár. Verði IFRIC 17 samþykkt af Evrópusambandinu mun hún gilda um ársreikning samstæðunnar fyrir árið 2010. Túlkunin mun líklega ekki hafa nein áhrif á samstæðureikninginn.

Í IFRIC 18 *Yfirfærsla eigna frá viðskiptavinum* kveður á um með hvaða hætti skal færa tilteknar eignir í reikningsskilum þeirra aðila sem móttaka eignirnar frá viðskiptavinum sínum. Verði IFRIC 18 samþykkt af Evrópusambandinu mun hún gilda um eignir sem eru móttæknar frá viðskiptavinum eftir 1. júlí 2009. Túlkunin mun líklega ekki hafa nein áhrif á samstæðureikninginn.

Í IFRIC 12 *Samningar þjónustuúvilnun*, tók gildi fyrir árið 2008 en hefur ekki verið notuð við gerð þessa ársreiknings vegna þess að Evrópusambandið hefur ekki ennþá samþykkt hana. IFRIC 12 inniheldur leiðbeiningar um færslu og mat tiltekinna atriða sem upp koma við færslu þjónustusamninga opinberra aðila við einkaaðila. Verði IFRIC 12 samþykkt af Evrópusambandinu mun innleiðing hennar væntanlega ekki hafa nein áhrif á samstæðureikninginn.

## 4. Ákvörðun gangvirðis

Nokkrar reikningsskilaaðferðir og skýringar samstæðunnar krefjast þess að gangvirði sé ákvarðað, bæði fyrir fjáreignir og fjárskuldir og aðrar eignir og skuldir. Gangvirði hefur verið ákvarðað vegna mats og/eða skýringa samkvæmt eftirfarandi aðferðum. Þar sem við á eru frekari upplýsingar um forsendur við ákvörðun á gangvirði eigna eða skulda í skýringum um viðkomandi eignir eða skuldir.

### a) *Varanlegir rekstrarfjármunir*

Gangvirði framleiðslukerfa sem sætt hafa sérstöku endurmati er ákvarðað út frá afskrifuðu endurstofnsverði. Það felur í sér að lagt er mat á breytingar á byggingarkostnaðarverði samskonar eigna og bæði stofnverð og uppsafnaðar afskriftir endurmetnar í samræmi við þær breytingar.

Sömu aðferð er beitt við ákvörðun á gangvirði dreifikerfa sem hafa verið metin sérstöku endurmati. Endurmetin dreifikerfi eru nýtt í starfsemi sem er háð sérleyfi og tekjumörk miða fyrst og fremst við breytingar á byggingarvísitölu. Tekið er tillit til þess við ákvörðun gangvirðis.

Gangvirði varanlegra rekstrarfjármuna sem yfirteknir eru við samruna miðast við markaðsvirði. Markaðsvirði fasteigna er sú fjárhæð sem unnt er að fá við sölu í viðskiptum milli ótengdra, viljugra og upplýstra aðila. Gangvirði annarra varanlegra rekstrarfjármuna er byggt á markaðsverði sambærilegra eigna.

# Skýringar

---

## 4. Ákvörðun gangvirðis, frh.

### b) Óefnislegar eignir

Gangvirði óefnislegra eigna er byggt á núvirtu væntu greiðsluflæði af notkun þeirra.

### c) Fjárfestingar í eignarhlutum í öðrum félögum og skuldabréfum

Gangvirði eignarhluta í öðrum félögum og skuldabréfum er fundið með hliðsjón af markaðsverði þeirra á uppgjörssdegi. Ef markaðsverð er ekki þekkt byggir mat á gangvirði á viðurkenndum matsaðferðum. Matsaðferðir geta falið í sér að stuðst er við verð í nýlegum viðskiptum milli ótengdra aðila. Við beitingu matsaðferða er litið til þeirra þátta sem markaðsaðilar myndu nota við verðmat og aðferðirnar eru í samræmi við viðurkenndar aðferðir við að verðleggja fjáreignir.

### d) Viðskiptakröfur og aðrar kröfur

Gangvirði viðskiptakrafna og annarra krafna er metið á núvirði vænts framtíðargreiðsluflæðis, sem afvaxtað er á markaðsvöxtum uppgjörssdags.

### e) Afleiður

Gangvirði afleiða er byggt á skráðu markaðsvirði þeirra, ef til er. Ef markaðsverð er ekki til, er gangvirðið fundið með viðurkenndum matsaðferðum.

Matsaðferðir geta falið í sér að notast er við verð í nýlegum viðskiptum á milli ótengdra aðila. Tekið er mið af verðmæti annarra fjármálagerninga sem eru áþekkir þeim gerningi sem um ræðir, stuðst við aðferðir til að meta núvirt fjárstreymi eða aðrar verðmatsaðferðir sem beita má til að meta með áreiðanlegum hætti raunverulegt markaðsverðmæti. Við beitingu matsaðferða eru allir þættir notaðir sem markaðsaðilar myndu nota við verðmat og aðferðirnar eru í samræmi við viðurkenndar aðferðir við að verðleggja fjármálagerninga. Samstæðan sannreynir reglulega matsaðferðir sínar og prófar þær með því að nota verð sem fengist hafa í viðskiptum á virkum markaði með sama gerning, án aðlagana eða breytinga, eða byggja á upplýsingum frá virkum markaði.

Gangvirði afleiðusamninga sem ekki eru skráðir á virkum mörkuðum er ákvarðað með notkun matsaðferða sem eru endurskoðaðar reglulega af hæfu starfsfólki. Öll matslíkön sem eru notuð þurfa að vera samþykkt og prófuð til að tryggja að niðurstöðurnar endurspegli þau gögn sem notuð voru.

Áreiðanlegasta sönnun á gangvirði afleiðusamninganna í upphafi er kaupverðið, nema gangvirði gerningsins sé sannanlegt með samanburði við önnur skráð og nýleg markaðsviðskipti á sama fjármálagerningi eða byggt á matsaðferð þar sem breytur byggja eingöngu á markaðsgögnum. Þegar slík gögn eru fyrir hendi, færir samstæðan hagnað eða tap á upphaflegum skráningardegi gerninga.

Gangvirði vaxtaskiptasamninga er byggt á verðtilboði miðlara. Þessi verðtilboð eru prófuð með tilliti til sanngirni með því að afvaxta framtíðargreiðsluflæði byggt á ákvæðum og lokadegi hvers samnings og með því að nota markaðsvexti fyrir svipaða gerninga á þeim degi sem þeir eru verðmetnir.

### f) Fjárskuldir sem ekki teljast afleiður

Gangvirði, sem einungis er metið vegna skýringa, er ákvarðað út frá núvirði framtíðarsjóðsflæðis höfuðstóls og vaxta og er afvaxtað með markaðsvöxtum á uppgjörssdegi.

# Skýringar

## 5. Starfspáttayfirlit

Starfspáttaupplýsingar eru birtar eftir rekstrarsviðum samstæðunnar samkvæmt skipulagi og innri upplýsingagjöf fyrirtækisins. Rekstrarsviðin eru framleiðsla, dreifing og sala, auk annarrar starfsemi. Auk þess eru birtar upplýsingar eftir miðlum samstæðunnar sem eru rafmagn, heitt vatn, kalt vatn, fráveita og gagnaveita.

### Rekstrarstarfsþættir - svið

	Framleiðsla	Dreifing	Sala	Önnur starfsemi	Jöfnunar-færslur	Samtals
<b>Árið 2008</b>						
Tekjur frá þriðja aðila .....	3.887.571	6.149.917	13.327.114	803.596	0	24.168.198
Tekjur milli starfspátta .....	3.764.712	6.109.800	511.156	1.265.631	(11.651.299)	0
Tekjur samtals .....	<u>7.652.283</u>	<u>12.259.717</u>	<u>13.838.270</u>	<u>2.069.227</u>	<u>(11.651.299)</u>	<u>24.168.198</u>
Rekstrarhagnaður starfspátta .....	926.031	4.059.985	851.673	( 282.082)	0	5.555.607
Óskipt rekstrargjöld .....						( 856.761)
Rekstrarhagnaður .....						4.698.846
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld .....						(92.523.476)
Áhrif hlutdeildarféлага .....						( 276.339)
Tekjuskattur .....						15.064.266
Tap ársins .....						<u>(73.036.703)</u>
<b>Árið 2007</b>						
Tekjur frá þriðja aðila .....	2.611.761	5.137.813	12.330.413	1.283.805	0	21.363.792
Tekjur milli starfspátta .....	3.194.446	4.166.462	679.753	946.798	( 8.987.459)	0
Tekjur samtals .....	<u>5.806.207</u>	<u>9.304.275</u>	<u>13.010.166</u>	<u>2.230.603</u>	<u>( 8.987.459)</u>	<u>21.363.792</u>
Rekstrarhagnaður starfspátta .....	933.955	1.918.608	2.275.556	181.138	0	5.309.257
Óskipt rekstrargjöld .....						( 933.170)
Rekstrarhagnaður .....						4.376.087
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld .....						4.055.178
Áhrif hlutdeildarféлага .....						( 121.124)
Tekjuskattur .....						( 1.794.317)
Hagnaður ársins .....						<u>6.515.824</u>

# Skýringar

## 5. Starfsþáttayfirlit, frh.

### Rekstrarstarfsþættir - svið, frh.

	Framleiðsla	Dreifing	Sala	Önnur starfsemi	Óskipt	Samtals
<b>Árið 2008</b>						
<i>Efnahagur (31.12.2008)</i>						
Varanlegir rekstrarfjármunir .....	117.845.312	99.886.587	41.725	448.305	8.748.503	226.970.432
Óefnislegar eignir .....	0	0	0	193.619	1.487.074	1.680.693
Eignarhlutar í hlutdeildarfélögum .....						574.470
Aðrar óskiptar eignir .....						30.147.569
Heildareignir samtals .....						<u>259.373.164</u>
Óskiptar skuldir .....						<u>211.014.534</u>
<i>Fjárfesting</i>						
Varanlegir rekstrarfjármunir .....	22.466.171	7.478.421	0	116.601	994.742	31.055.935
Óefnislegar eignir .....	0	0	0	128.731	216.920	345.651
<i>Afskriftir</i>						
Varanlegir rekstrarfjármunir .....	3.106.680	3.225.572	4.438	62	464.243	6.800.995
Óefnislegar eignir .....	0	0	0	0	151.777	151.777
<b>Árið 2007</b>						
<i>Efnahagur (31.12.2007)</i>						
Varanlegir rekstrarfjármunir .....	77.251.497	76.542.354	46.163	375.272	8.201.651	162.416.937
Óefnislegar eignir .....	0	0	0	64.888	1.375.100	1.439.988
Eignarhlutar í hlutdeildarfélögum .....						831.339
Aðrar óskiptar eignir .....						26.802.889
Eignir samtals .....						<u>191.491.153</u>
Óskiptar skuldir .....						<u>102.502.783</u>
<i>Fjárfesting</i>						
Varanlegir rekstrarfjármunir .....	14.670.468	5.750.667	4.504	93.956	749.769	21.269.364
Óefnislegar eignir .....	0	0	0	64.888	156.925	221.813
<i>Afskriftir</i>						
Varanlegir rekstrarfjármunir .....	2.013.789	2.921.166	25.460	128	428.108	5.388.651
Óefnislegar eignir .....	0	0	0	0	149.649	149.649

# Skýringar

## 5. Starfsþáttayfirlit, frh.

### Rekstrarstarfsþættir - miðlar

	Rafmagn	Heitt vatn	Kalt vatn	Fráveita	Gagna-veita	Jöfnunar-færslur	Samtals
<b>Árið 2008</b>							
<i>Tekjur</i>							
Tekjur frá þriðja aðila .....	12.358.438	6.454.119	2.038.898	2.647.284	669.459	0	24.168.198
Tekjur milli starfsþátta .....	1.461.849	582.818	110.289	143.198		(2.298.154)	0
Tekjur samtals .....	<u>13.820.287</u>	<u>7.036.937</u>	<u>2.149.187</u>	<u>2.790.482</u>	<u>669.459</u>	<u>(2.298.154)</u>	<u>24.168.198</u>
<i>Eignir (31.12.2008)</i>							
Varanlegir rekstrarfjárm ...	113.379.586	52.682.272	17.755.777	35.568.377	7.584.420	0	226.970.432
Óefnislegar eignir .....	785.175	541.594	117.479	236.445	0	0	1.680.693
Óskiptar eignir .....							<u>30.722.039</u>
Heildareignir samtals .....							<u>259.373.164</u>
<i>Fjárfesting</i>							
Varanlegir rekstrarfjárm. ...	22.180.080	4.700.653	805.867	1.836.841	1.532.494	0	31.055.935
Óefnislegar eignir .....	109.327	181.877	18.221	36.226	0	0	345.651
<i>Afskriftir</i>							
Varanlegir rekstrarfjárm. ...	2.644.081	2.209.678	510.039	1.071.620	365.577	0	6.800.995
Óefnislegar eignir .....	65.298	44.274	13.206	28.999	0	0	151.777
<b>Árið 2007</b>							
<i>Tekjur</i>							
Tekjur frá þriðja aðila .....	10.710.522	5.812.136	2.010.646	2.275.115	555.373	0	21.363.792
Tekjur milli starfsþátta .....	1.256.070	617.005	101.114	114.423	0	(2.088.612)	0
Tekjur samtals .....	<u>11.966.592</u>	<u>6.429.141</u>	<u>2.111.760</u>	<u>2.389.538</u>	<u>555.373</u>	<u>(2.088.612)</u>	<u>21.363.792</u>
<i>Eignir (31.12.2007)</i>							
Varanlegir rekstrarfjárm ...	73.002.300	41.466.271	13.997.831	27.533.032	6.417.503	0	162.416.937
Óefnislegar eignir .....	653.282	386.878	133.762	266.066	0	0	1.439.988
Óskiptar eignir .....							<u>27.634.228</u>
Heildareignir samtals .....							<u>191.491.153</u>
<i>Fjárfesting</i>							
Varanlegir rekstrarfjárm. ...	14.354.830	3.634.085	687.192	1.231.172	1.362.085	0	21.269.364
Óefnislegar eignir .....	68.447	107.274	15.185	30.907	0	0	221.813
<i>Afskriftir</i>							
Varanlegir rekstrarfjárm. ...	1.913.424	1.628.055	480.599	1.053.642	312.931	0	5.388.651
Óefnislegar eignir .....	49.386	51.125	15.575	33.563	0	0	149.649

# Skýringar

## 6. Greining á rekstri jarðvarmaorkuvera

*Afkomugreining á framleiðslu á raforku og heitu vatni sbr. 5. mgr. 41. gr. laga nr. 65/2003:*

	Raforka 2008	Heitt vatn 2008	Raforka 2007	Heitt vatn 2007
<i>Nesjavallavirkjun</i>				
Tekjur .....	1.983.898	826.064	1.900.979	772.564
Rekstrargjöld .....	( 570.275)	( 516.153)	( 425.399)	( 533.697)
Afskriftir .....	( 659.410)	( 342.896)	( 524.030)	( 268.278)
Reiknaður fjármagnskostnaður (5,5%) .....	( 559.725)	( 278.065)	( 469.209)	( 226.146)
Afkoma .....	194.488	( 311.050)	482.341	( 255.557)

### *Hellisheiðarvirkjun*

Fyrirtækið hefur hafið afhendingu á raforku frá Hellisheiðarvirkjun, en afhending á heitu vatni frá virkjuninni er ekki hafin enn sem komið er.

## 7. Laun og launatengd gjöld

<i>Laun og launatengd gjöld greinast þannig:</i>	2008	2007
Laun .....	3.913.769	3.388.945
Mótframlag í iðgjaldatengda lífeyrissjóði .....	512.601	443.072
Gjaldfærð hækkun lífeyrisskuldbindingar .....	86.152	55.735
Önnur launatengd gjöld .....	297.027	254.506
Laun og launatengd gjöld samtals .....	4.809.549	4.142.258

### *Laun og launatengd gjöld eru þannig færð í ársreikninginn:*

Gjaldfært í rekstrarreikningi .....	3.973.674	3.320.260
Eignfært á framkvæmdir .....	835.875	821.998
Laun og launatengd gjöld samtals .....	4.809.549	4.142.258

### *Starfsmannafjöldi:*

Fjöldi ársverka .....	689	662
-----------------------	-----	-----

### *Starfskjör stjórnar, forstjóra og framkvæmdastjóra móðurfyrirtækis og dótturfyrirtækja greinast þannig:*

Laun stjórnar móðurfyrirtækis .....	15.174	15.486
Laun stjórnar dótturfyrirtækja .....	10.847	11.152
Laun forstjóra móðurfyrirtækis .....	27.719	27.380
Laun fjögurra framkvæmdastjóra móðurfyrirtækis (fimm aðilar árið 2007) .....	73.804	82.327
Laun forstjóra og tveggja framkvæmdastjóra dótturfyrirtækja .....	40.191	30.452
Mótframlag í lífeyrissjóð .....	27.814	25.322
Starfslokagreiðslur, þar með talið mótframlag í lífeyrissjóð .....	42.118	0
	237.667	192.119

Meðtalin í launum eru bifreiðahlunnindi og ökutækjastyrkir.

Á árinu lét Guðmundur Þóroddsson af störfum sem forstjóri Orkuveitunnar og voru starfslokagreiðslur til hans, þar með talin öll launatengd gjöld vegna þeirra, gjaldfærð við starfslok hans.

Fækkað var um einn framkvæmdastjóra móðurfyrirtækisins seinni hluta árs 2007.

# Skýringar

## 8. Afskriftir

<i>Afskriftir greinast þannig:</i>	2008	2007
Afskriftir varanlegra rekstrarfjármuna, sbr. 11. skýringu .....	6.800.995	5.388.651
Afskriftir óefnislegra eigna, sbr. 12. skýringu .....	151.777	149.649
Afskriftir færðar í rekstrarreikning .....	<u>6.952.772</u>	<u>5.538.300</u>

## 9. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

### *Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld greinast þannig:*

Vaxtatekjur .....	792.526	266.869
Gjaldfærð vaxtagjöld í rekstrarreikningi .....	( 5.034.238)	( 3.193.223)
Ábyrgðargjald til eigenda .....	( 300.126)	( 154.108)
Vaxtagjöld samtals .....	<u>( 5.334.364)</u>	<u>( 3.347.331)</u>
Gangvirðisbreytingar innbyggðra afleiða í raforkusölusamningum .....	937.145	4.454.314
Gangvirðisbreytingar eignarhluta í öðrum félögum .....	( 331.695)	102.003
Gengismunur og framvirkir gjaldmiðlasamningar .....	(88.688.704)	2.580.261
Arðstekjur .....	101.615	0
Tap af sölu eignarhluta í félögum .....	0	( 938)
Önnur (gjöld) tekjur af fjáreignum og fjárskuldum samtals .....	<u>(87.981.639)</u>	<u>7.135.640</u>
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld samtals .....	<u>(92.523.477)</u>	<u>4.055.178</u>

Fjármagnskostnaður vegna byggingar á orkuveri að fjárhæð 2.685,7 milljónir kr., er eignfærður og hefur verið færður til lækkunar á fjármagnsgjöldum. (2007: 309,7 milljónir kr.)

Eignfærður fjármagnskostnaður er reiknaður út frá mati á því hvaða vextir í íslenski krónu gæfu góða viðmiðun um þau kjör sem Orkuveitan hefði notið ef virkjanaframkvæmdir hefðu verið fjármagnaðar í íslenski krónu á byggingartíma. Þetta er gert í ljósi þeirrar staðreyndar að erlendir vextir gengiskörfu Orkuveitunnar gefa ekki rétta mynd af fjármagnskostnaði á byggingartíma. Miðað er við meðaltal skráða gilda fyrir eins mánaðar REIBOR á árinu 2008, en það meðaltal er 15,87%. Ofan á það er lagt álag sem endurspeglar þau kjör sem Orkuveitan hafði hjá íslenskum bönkum á árinu 2008, sem var um 0,60%. Til viðbótar leggst ábyrgðargjald eigenda Orkuveitunnar, en það er 0,25%, en samtals er vaxtaþrósentu því 16,72%. Matsaðferð hefur verið breytt frá fyrri árum en þá var eignfærður fjármagnskostnaður reiknaður út frá vegnum meðalvöxtum á lánum Orkuveitunnar og var miðað við þá vexti sem voru í gildi auk ábyrgðargjalds.

	2008	2007
Gjaldfærð vaxtagjöld í rekstrarreikningi .....	( 5.334.364)	( 3.347.331)
Eignfært á framkvæmdir .....	( 2.685.659)	( 309.669)
Vaxtagjöld samtals .....	<u>( 8.020.023)</u>	<u>( 3.657.000)</u>

Við mat á gangvirði ákveðinna fjáreigna og fjárskulda er beitt viðurkenndum verðmatsaðferðum. Gangvirðisbreyting sem færð er til tekna í rekstrarreikningi vegna þessa nemur samtals 937 milljónir kr. (2007: 4.454 milljónir kr.).

# Skýringar

## 10. Tekjuskattur

Orkuveita Reykjavíkur er tekjuskattsskyld vegna ákveðinna hluta starfsemi sinnar í samræmi við 2. gr. laga nr. 90/2003 um tekjuskatt. Sá hluti starfsemi fyrirtækisins er lýtur að rekstri vatnsveitu og fráveitu er undanskilinn tekjuskatti.

Í maí síðastliðnum var samþykkt breyting á lögum um tekjuskatt sem fól í sér lækun á tekjuskattshlutfalli sameignarfyrirtækja í samstæðunni úr 26% í 23,5% og öðlaðist þessi lagabreyting gildi frá og með 1. janúar 2008. Á sama tíma lækkaði tekjuskattshlutfall einkahlutafélaga og hlutafélaga í samstæðunni úr 18% í 15%. Áhrif lækkaðs skatthlutfalls í upphafi árs nemur 98 milljónum kr. sem eru gjaldfærð í rekstrarreikningi á árinu.

<b>Tekjuskattur færður í rekstrarreikning greinist þannig:</b>		2008		2007
Tekjuskattur til greiðslu .....		218		11.169
Breyting á frestuðum tekjuskatti .....		(15.064.484)		1.783.148
Tekjuskattur færður í rekstrarreikning .....		(15.064.266)		1.794.317
<b>Virkt skatthlutfall greinist þannig:</b>		2008		2007
(Tap) hagnaður fyrir tekjuskatt .....		(88.100.969)		8.310.141
Tekjuskattur samkvæmt gildandi skatthlutfalli .....	23,5%	(20.703.728)	26,0%	2.160.636
Áhrif af breyttum tekjuskattshlutföllum .....	( 0,1%)	98.329	0,0%	0
Óskattskyld starfsemi vatnsveitu og fráveitu .....	( 5,6%)	4.890.069	( 3,1%)	( 253.974)
Áhrif annarra skatthlutfalla .....	( 0,4%)	378.436	0,0%	0
Aðrir liðir .....	( 0,3%)	272.628	( 1,4%)	( 112.345)
Virkur tekjuskattur .....	17,1%	(15.064.266)	21,6%	1.794.317

## 11. Varanlegir rekstrarfjármunir

**Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:**

Árið 2008	Framleiðslu-kerfi	Dreifikerfi	Aðrar fasteignir	Aðrir lausafjármunir	Samtals
<b>Heildarverð</b>					
Staða í ársbyrjun .....	112.503.139	138.979.119	7.508.660	4.589.086	263.580.004
Endurflokkun eigna .....	272.626	( 116.328)	( 42.958)	( 475.114)	( 361.775)
Viðbætur á árinu .....	22.755.532	7.189.060	817.439	293.904	31.055.935
Sérstakt endurmat .....	29.325.471	38.744.174	0	0	68.069.645
Staða í árslok .....	164.856.768	184.796.025	8.283.140	4.407.876	362.343.809
<b>Afskriftir</b>					
Staða í ársbyrjun .....	34.657.781	63.034.380	1.207.577	2.263.329	101.163.067
Endurflokkun eigna .....	91.051	34.849	( 770)	( 440.075)	( 314.944)
Afskrifað á árinu .....	3.207.411	3.174.612	185.011	233.961	6.800.995
Sérstakt endurmat .....	8.225.299	19.498.962	0	0	27.724.260
Staða í árslok .....	46.181.542	85.742.803	1.391.817	2.057.215	135.373.377
<b>Bókfært verð</b>					
Bókfært verð 1.1.2008.....	77.845.358	75.944.739	6.301.083	2.325.757	162.416.937
Bókfært verð 31.12.2008.....	118.675.226	99.053.223	6.891.323	2.350.661	226.970.432
Þar af eignir í byggingu í árslok .....	12.389.190	0	0	0	12.389.190

# Skýringar

## 11. Varanlegir rekstrarfjármunir, frh.

Árið 2007	Framleiðslu-kerfi	Dreifikerfi	Aðrar fasteignir	Aðrir lausafjármunir	Samtals
<b>Heildarverð</b>					
Staða í ársbyrjun .....	75.661.692	127.517.196	7.197.529	4.246.748	214.623.165
Endurflokkun .....	316.423	( 421.864)	( 3.584)	109.025	0
Viðbætur á árinu .....	15.049.991	5.671.345	314.715	233.313	21.269.364
Selt og aflagt á árinu .....	( 646.876)	( 1.474.000)	0	0	( 2.120.876)
Sérstakt endurmat .....	22.121.909	7.686.442	0	0	29.808.351
Staða í árslok .....	112.503.139	138.979.119	7.508.660	4.589.086	263.580.004
<b>Afskriftir</b>					
Staða í ársbyrjun .....	25.380.305	57.352.782	1.041.275	1.925.861	85.700.223
Endurflokkun .....	52.370	( 154.307)	( 3.772)	105.709	0
Afskrifað á árinu .....	2.090.770	2.896.048	170.074	231.759	5.388.651
Selt og aflagt á árinu .....	( 128.182)	( 740.514)	0	0	( 868.696)
Sérstakt endurmat .....	7.262.518	3.680.371	0	0	10.942.889
Staða í árslok .....	34.657.781	63.034.380	1.207.577	2.263.329	101.163.067
<b>Bókfært verð</b>					
Bókfært verð 1.1.2007.....	50.281.387	70.164.414	6.156.254	2.320.887	128.922.942
Bókfært verð 31.12.2007.....	77.845.358	75.944.739	6.301.083	2.325.757	162.416.937
Þar af eignir í byggingu í árslok .....	11.004.598	0	0	0	11.004.598

### Sérstakt endurmat

Í árslok 2008 var framkvæmt sérstakt endurmat á dreifikerfum hitaveitu, rafveitu, vatnsveitu og fráveitu. Það endurmat leiddi til hækkunar á bókfærðu verði þessara eigna að fjárhæð 19.245 milljónir kr. Þetta endurmat var einnig framkvæmt í árslok 2006 og 2007 og nam þá endurmatið samtals 14.103 milljónum kr.

Í árslok 2007 var framkvæmt sérstakt endurmat á framleiðslukerfum samstæðunnar og náði til eigna sem notaðar eru til framleiðslu á rafmagni, heitu vatni og köldu vatni. Það endurmat leiddi til hækkunar á bókfærðu verði þessara eigna að fjárhæð 14.859 milljónir kr. Þetta endurmat var framkvæmt að nýju 1. október 2008 og leiddi það til hækkunar á bókfærðu verði þessara eigna að fjárhæð 21.100 milljónir kr.

Við endurmatið eru viðkomandi eignaflokkar metnir til gangvirðis. Framangreindar hækkanir eru færðar á sérstakan endurmatssreikning meðal eigin fjár að teknu tilliti til áhrifa á frestaðan tekjuskatt.

Gangvirði framleiðslueigna er ákvarðað út frá afskrifuðu endurstofnsverði. Það felur í sér að lagt er mat á breytingar á byggingarkostnaðarverði samskonar eigna og bæði stofnverð og uppsafnaðar afskriftir endurmetnar í samræmi við þær breytingar. Við þennan útreikning var stuðst við opinberar upplýsingar og rauntölur úr bókhaldi samstæðunnar um verðbreytingar á kostnaðarliðum og tekið tillit til áætlunar um vægi hvers kostnaðarliðar í heildarkostnaði við byggingu samskonar eigna. Kostnaðarliðir og hlutfallslegt vægi þeirra var ákvarðað af sérfræðingum innan og utan Orkuveitunnar.

Sömu aðferð er beitt við ákvörðun á gangvirði dreifikerfa sem hafa verið metin sérstöku endurmati. Endurmetin dreifikerfi eru nýtt í starfsemi sem er háð sérleyfi og tekjumörk miða fyrst og fremst við breytingar á byggingarvísitölu. Tekið er tillit til þess við ákvörðun gangvirðis.

# Skýringar

## 11. Varanlegir rekstrarfjármunir frh.

### Sérstakt endurmat frh.

Virðisrýrnunarpróf voru gerð í árslok til að staðfesta að endurmat eigna stæði undir væntu framtíðarsjóðstreymi. Nánar er fjallað um virðisrýrnunarpróf í skýringar 3 (h).

### Upplýsingar um endurmetnar eignir í árslok

	Framleiðslu- kerfi	Dreif- kerfi	Samtals
<b>Árið 2008</b>			
Endurmetið bókfært verð .....	118.675.226	99.053.223	217.728.448
Þar af áhrif sérstaks endurmats .....	<u>(35.174.481)</u>	<u>(32.300.196)</u>	<u>(67.474.677)</u>
Bókfært verð án áhrifa endurmats .....	<u>83.500.745</u>	<u>66.753.027</u>	<u>150.253.771</u>
<b>Árið 2007</b>			
Endurmetið bókfært verð .....	77.845.358	75.944.739	153.790.097
Þar af áhrif sérstaks endurmats .....	<u>(14.863.872)</u>	<u>(13.615.497)</u>	<u>(28.479.369)</u>
Bókfært verð án áhrifa endurmats .....	<u>62.981.486</u>	<u>62.329.242</u>	<u>125.310.728</u>

### Fasteignamat og vátryggingaverð

Fasteignamat þeirra eigna samstæðunnar sem metnar eru í fasteignamati nam 27.976 milljónum kr. í árslok 2008 (2007: 24.842 milljónir kr.). Brunabótamat eigna samstæðunnar er 29.037 milljónir kr. á sama tíma (2007: 24.423 milljónir kr.). Meðal þessara eigna eru fasteignir sem eignfærðar eru meðal framleiðslukerfa og dreifikerfa.

### Skuldbindingar

Í maí 2008 gerði fyrirtækið samning um kaup á búnaði til virkjanaframkvæmda. Gert er ráð fyrir að búnaðurinn verði afhentur á árunum 2010 og síðar. Fjárhæðir samningsins og annarra samninga vegna framkvæmda á Hellsisheiði, miðað við gengi á reikningsskiladegi, er 35,5 milljarðar kr. Auk þess hefur fyrirtækið gert innkaupa- og verksamninga vegna framkvæmda við framleiðslu- og dreifikerfi. Eftirstöðvar þessara samninga þann 31. desember 2008 eru áætlaðar 1,9 milljarðar kr.

# Skýringar

## 12. Óefnislegar eignir

Óefnislegar eignir greinast þannig:

	Hita- réttindi	Undirbúnings- kostnaður	Hugbúnaður	Samtals
<b>Árið 2008</b>				
<b>Heildarverð</b>				
Staða í ársbyrjun .....	1.427.031	64.888	1.107.268	2.599.187
Endurflokkun eigna .....	0	0	422.025	422.025
Eignfært á árinu .....	0	128.732	216.921	345.652
Staða í árslok .....	1.427.031	193.620	1.746.214	3.366.865
<b>Afskriftir</b>				
Staða í ársbyrjun .....	390.881	0	768.318	1.159.199
Endurflokkun eigna .....	0	0	375.195	375.195
Afskrifað á árinu .....	19.793	0	131.984	151.777
Staða í árslok .....	410.674	0	1.275.497	1.686.171
<b>Bókfært verð</b>				
Bókfært verð 1.1.2008.....	1.036.150	64.888	338.950	1.439.988
Bókfært verð 31.12.2008.....	1.016.357	193.620	470.717	1.680.693
<b>Árið 2007</b>				
<b>Heildarverð</b>				
Staða í ársbyrjun .....	1.417.145	0	960.229	2.377.374
Viðbætur á árinu .....	9.886	64.888	147.039	221.813
Staða í árslok .....	1.427.031	64.888	1.107.268	2.599.187
<b>Afskriftir</b>				
Staða í ársbyrjun .....	371.276	0	638.274	1.009.550
Afskrifað á árinu .....	19.605	0	130.044	149.649
Staða í árslok .....	390.881	0	768.318	1.159.199
<b>Bókfært verð</b>				
Bókfært verð 1.1.2007.....	1.045.869	0	321.955	1.367.824
Bókfært verð 31.12.2007.....	1.036.150	64.888	338.950	1.439.988

Hitaréttindi hafa verið aðskilin frá landi í ársreikningnum. Áhrif þess eru að hitaréttindi eru nú færð á meðal óefnislegra eigna en voru áður færð á meðal varanlegra rekstrarfjármuna. Samanburðarfjárhæðir hafa verið leiðréttar til samræmis við það.

# Skýringar

## 13. Eignarhlutar í hlutdeildarfélögum

*Eignarhlutar í hlutdeildarfélögum greinast þannig:*

	2008		2007	
	Eignarhluti	Bókfært verð	Eignarhluti	Bókfært verð
Enex hf. ....	26,4%	372.389	26,4%	638.938
Enex-Kína ehf. ....	33,3%	156.706	33,3%	97.941
Biliran Geothermal Inc. ....	0,0%	0	50,0%	33.863
Envent Holdings ehf. ....	50,0%	325	50,0%	325
Vistorka ehf. ....	35,6%	10.532	35,6%	29.625
Metan hf. ....	35,4%	9.291	35,4%	9.291
Netorka hf. ....	22,6%	25.227	22,6%	21.356
Samtals .....		<u>574.470</u>		<u>831.339</u>

Hlutdeild samstæðunnar í afkomu hlutdeildarfélaga var neikvæð um 276,3 milljónir kr. á árinu 2008, en tap var 121,1 milljón kr. á árinu 2007.

## 14. Eignarhlutar í öðrum félögum

*Eignarhlutar í öðrum félögum greinast þannig í árslok:*

	2008	2007
Eignarhlutar tilgreindir á gangvirði í gegnum í rekstrarreikning .....	294.909	593.938
Eignarhlutar flokkaðir sem fjáreignir til sölu .....	<u>9.731.102</u>	<u>9.329.384</u>
Eignarhlutar í öðrum félögum samtals .....	<u>10.026.011</u>	<u>9.923.322</u>

Gangvirði eignarhluta tilgreindra á gangvirði í gegnum rekstrarreikning er ákvarðað samkvæmt markaðsverði. Gangvirði eignarhluta sem flokkaðir eru sem fjáreignir til sölu er ákvarðað með viðurkenndum matsaðferðum óháðra sérfræðinga, nema í þeim tilvikum sem stuðst er við verð í nýlegum viðskiptum.

# Skýringar

## 15. Innbyggðar afleiður í raforkusölusamningum

Gerðir hafa verið fjórir raforkusölusamningar til 20 ára, einn við Landsvirkjun vegna Norðuráls og þrír við Norðurál vegna álversins á Grundartanga, sem og samningar við Landsnet hf. um flutning á rafmagni. Orkuveitan og Norðurál hafa einnig gert með sér raforkusölusamning vegna raforkusölu til fyrirhugaðs álvers í Helguvík og er stefnt að afhendingu orku fyrir fyrsta áfangann árið 2011. Raforkusölusamningar þessir eru gerðir í dollurum og er verð á rafmagninu tengt heimsmarkaðsverði á áli.

Ofangreindir raforkusölusamningar fela í sér innbyggðar afleiður, þar sem tekjur af þeim eru háðar breytingum á heimsmarkaðsverði á áli í framtíðinni. Í samræmi við ákvæði IAS 39 um fjármálagerninga hefur gangvirði þessara innbyggðu afleiða vegna Grundartanga og að hluta til vegna Helguvíkur verið metið og fært í ársreikninginn.

Þar sem markaðsverð á þessum innbyggðu afleiðum liggur ekki fyrir hefur verið lagt mat á gangvirði þeirra með viðurkenndum matsaðferðum. Ákvarðað hefur verið vænt núvirt greiðsluflæði samnings á uppgjörstegi, miðað við framvirkt verð á áli á LME (London Metal Exchange) á uppgjörstegi og væntinga um verðþróun á áli til næstu 30 ára. Byggt er á mati CRU, óháðum matsaðila, eins og það liggur fyrir á uppgjörstegi. Vegna óvissu í alþjóða efnahagsmálum og vísbendinga um að CRU muni endurskoða væntingar sínar, hefur spá þeirra um verðþróun á áli frá október 2008 verið lækkuð um USD 400 á tonnið. Áhrif þess að vikið er frá spánni eru neikvæð um 4.325 milljónir kr. Frá núvirtu greiðsluflæði á uppgjörstegi hefur verið dregið vænt núvirt greiðsluflæði samnings á uppgjörstegi miðað við forsendur um álverð sem lágu til grundvallar á upphafsdegi samnings. Mismunurinn er gangvirðisbreyting afleiðunnar. Gengið er út frá því að afleiðan hafi ekkert virði á upphafsdegi samnings.

Innbyggðar afleiður þeirra orkusölusamninga sem færðir eru í ársreikninginn eru færðar til eignar í efnahagsreikningi á gangvirði á reikningsskiladegi og gangvirðisbreyting á árinu er færð í rekstrarreikning meðal tekna af fjáreignum.

Á sama hátt er reiknað gangvirði innbyggðra afleiða vegna raforkusölusamninga sem ekki eru komnir til framkvæmda og óvissa ríkir um. Gangvirði þeirra er samtals 8.257 milljónir kr. í árslok 2008 (2007: 2.885 milljónir kr.) og er ekki fært í ársreikninginn.

### **Gangvirði innbyggðra afleiða í raforkusölusamningum greinist þannig í ársreikningi:**

	2008	2007
Gangvirði innbyggðra afleiða í ársbyrjun .....	8.154.304	3.699.990
Breyting á gangvirði á árinu .....	937.145	4.454.314
Gangvirði innbyggðra afleiða í árslok .....	9.091.449	8.154.304

### **Skipting innbyggðra afleiða í raforkusölusamningum er eftirfarandi:**

Langtímahluti innbyggðra afleiða .....	9.412.328	7.341.316
Skammtímahluti innbyggðra afleiða .....	( 320.879)	812.988
Innbyggðar afleiður samtals .....	9.091.449	8.154.304

# Skýringar

## 16. Aðrar fjáreignir

<i>Fastafjármunir</i>	2008	2007
<b>Fjáreignir á gangvirði gegnum rekstrarreikning</b>		
Gjaldmiðlaskiptasamningar .....	0	27.582
<b>Skuldabréf og aðrar langtímakröfur</b>		
Skuldabréf .....	105.331	113.266
	<u>105.331</u>	<u>140.848</u>
 <i>Veltufjármunir</i>		
<b>Fjáreignir á gangvirði gegnum rekstrarreikning</b>		
Gjaldmiðlaskiptasamningar .....	0	152.995
<b>Skuldabréf og aðrar kröfur</b>		
Skuldabréf .....	111.374	73.499
	<u>111.374</u>	<u>226.494</u>

## 17. Tekjuskattseign og tekjuskattsskuldbinding

*Tekjuskattseign og tekjuskattsskuldbinding greinist þannig:*

<b>Árið 2008</b>	Skatteign	Skattskuld	Nettó
Tekjuskattseign/-skuld í ársbyrjun .....	190.443	4.716.084	( 4.525.641)
Breyting á tekjuskattsprósentu .....	0	( 537.295)	537.295
Áhrif af sérstöku endurmati fastafjármuna .....	( 6.895.739)	0	( 6.895.739)
Reiknaður tekjuskattur ársins .....	10.874.518	( 4.189.747)	15.064.266
Tekjuskattur til greiðslu .....	218	0	218
Aðrar breytingar .....	0	10.959	( 10.959)
Tekjuskattseign í árslok .....	<u>4.169.441</u>	<u>0</u>	<u>4.169.440</u>
 <b>Árið 2007</b>	Skatteign	Skattskuld	Nettó
Tekjuskattseign/-skuld í ársbyrjun .....	1.480.889	0	1.480.889
Áhrif af sérstöku endurmati fastafjármuna .....	0	4.221.705	( 4.221.705)
Reiknaður tekjuskattur ársins .....	( 1.290.446)	503.871	( 1.794.317)
Tekjuskattur til greiðslu .....	0	( 11.169)	11.169
Aðrar breytingar .....	0	1.677	( 1.677)
Tekjuskattseign/-skuld í árslok .....	<u>190.443</u>	<u>4.716.084</u>	<u>( 4.525.641)</u>

# Skýringar

## 17. Tekjuskattseign og tekjuskattsskuldbinding frh.

*Tekjuskattseign og tekjuskattsskuldbinding greinist þannig í árslok á einstaka liði efnahagsreikningsins:*

	2008		2007	
	Skatteign	Skattskuld	Skatteign	Skattskuld
Varanlegir rekstrarfjármunir .....	( 11.085.420)	0	156.362	3.845.752
Innbyggðar afleiður .....	( 2.136.491)	0	0	2.120.119
Aðrir liðir .....	171.992	0	5.841	( 140.765)
Áhrif af yfirfæranlegu skattalegu tapi .....	17.219.360	0	28.240	( 1.109.022)
Tekjuskattseign/-skuld í árslok .....	<u>4.169.441</u>	<u>0</u>	<u>190.443</u>	<u>4.716.084</u>

### *Yfirfæranlegt skattalegt tap*

Miðað við núgildandi skattalöggjöf er yfirfæranlegt skattalegt tap nýtanlegt á móti skattskyldum hagnaði innan 10 ára frá því það myndast. Yfirfæranlegt skattalegt tap í árslok er nýtanlegt sem hér segir:

	2008	2007
Ójafnað skattalegt tap ársins 2006, nýtanlegt til ársins 2016 .....	4.374.086	4.374.086
Ójafnað skattalegt tap ársins 2008, nýtanlegt til ársins 2018 .....	<u>69.798.545</u>	<u>0</u>
Yfirfæranlegt skattalegt tap í árslok 2008 .....	<u>74.172.631</u>	<u>4.374.086</u>

## 18. Birgðir

*Birgðir greinast þannig í árslok:*

Efnisbirgðir .....	<u>1.544.565</u>	<u>969.092</u>
--------------------	------------------	----------------

Efnisbirgðir samstæðunnar samanstanda af efni til viðhalds, endurnýjunar og nýbyggingar framleiðslukerfa og dreifikerfa samstæðunnar.

Birgðir að verðmæti 906 milljónir kr. hafa verið keyptar á fjármögnunarleigu til tveggja ára. Í lok leigutímans flyst lögformlegt eignarhald birgðanna til Orkuveitunnar. Leigusamningurinn er færður á meðal langtímaskulda.

## 19. Aðrar peningalegar eignir

*Viðskiptakröfur greinast þannig í árslok:*

Viðskiptakröfur, stórnotendur .....	478.427	190.515
Viðskiptakröfur, smásala .....	3.041.343	2.659.349
Viðskiptakröfur, samtals .....	<u>3.519.770</u>	<u>2.849.864</u>
Óbein niðurfærsla vegna krafna sem kunna að tapast .....	( 227.290)	( 99.514)
	<u>3.292.480</u>	<u>2.750.350</u>

*Aðrar skammtímakröfur greinast þannig í árslok:*

Virðisaukaskattur .....	314.330	660.018
Fyrirframgreiddur kostnaður .....	151.550	0
Fjármagnstekjuskattur .....	63.257	4.857
Áfallnar vaxtatekjur .....	15.104	8.702
Kröfur á starfsmenn .....	16.984	22.707
Aðrar kröfur .....	<u>2.054</u>	<u>739</u>
	<u>563.279</u>	<u>697.023</u>

# Skýringar

## 20. Handbært fé

*Handbært fé greinist þannig í árslok:*

Óbundnar bankainnstæður .....	1.243.639	3.751.013
-------------------------------	-----------	-----------

## 21. Eigið fé

Það er stefna fyrirtækisins að eiginfjárstaða þess sé nægilega sterk til að styðja við stöðugleika og framtíðarþróun starfseminnar. Arðgreiðslur hafa verið ákveðnar sem ákveðið hlutfall eigin fjár óháð afkomu viðkomandi árs. Eigendafundur tekur ákvörðun um arðgreiðslur.

Eiginfjárlutfall samstæðunnar í lok ársins er 18,64% (31.12.2007: 46,5%). Ávöxtun eigin fjár reyndist vera neikvæð um 69,4% á árinu 2008 (2007: jákvæð um 8,6%).

Á árinu 2008 var greiddur arður til eigenda móðurfyrirtækisins. Arðgreiðslan nam samtals 1.568 milljónum kr. en á árinu 2007 nam hún 1.530 milljónum kr.

Stjórn fyrirtækisins leggur til að greiddar verði 800 milljónir kr. í arð til eigenda móðurfyrirtækisins á árinu 2009 vegna rekstrar á árinu 2008. Tillaga stjórnar að arðsúthlutun er ekki færð í ársreikning samstæðunnar fyrir árið 2008.

## 22. Vaxtaberandi skuldir

Vaxtaberandi skuldir samstæðunnar eru færðar á afskrifuðu kostnaðarverði og greinast með eftirfarandi hætti. Frekari upplýsingar um vaxtaáhættu og gjaldmiðlagengisáhættu eru veittar í skýringu 25.

	2008	2007
<b>Langtímaskuldir</b>		
Skuldir við lánastofnanir .....	178.925.311	83.695.057
Lánalínur .....	15.059.998	0
Skuldabréfaútgáfa .....	7.553.061	6.738.653
	201.538.370	90.433.710
Næsta árs afborganir langtímaskulda .....	( 5.439.610)	( 2.401.084)
	196.098.760	88.032.626
<b>Skammtímaskuldir</b>		
Næsta árs afborganir langtímaskulda .....	5.439.610	2.401.084
Skuldir við lánastofnanir .....	4.242.000	2.206.919
	9.681.610	4.608.003
Vaxtaberandi skuldir samtals .....	205.780.370	92.640.629

# Skýringar

## 22. Vaxtaberandi skuldir frh.

### Skilmálar vaxtaberandi skulda

Lokagjalddagi	2008		2007		
	Meðalvextir	Eftirstöðvar	Meðalvextir	Eftirstöðvar	
<b>Skuldir í erlendum gjaldmiðlum:</b>					
Skuldir í CHF .....	26.6.2036	2,31%	39.214.737	2,94%	19.248.482
Skuldir í EUR .....	26.6.2036	4,77%	76.654.728	3,67%	34.751.351
Skuldir í USD .....	10.3.2028	2,66%	31.994.843	4,46%	11.738.228
Skuldir í JPY .....	26.6.2036	1,10%	23.635.999	1,05%	9.358.629
Skuldir í GBP .....	26.6.2036	3,67%	3.282.738	6,29%	2.463.379
Skuldir í SEK .....	5.10.2027	4,26%	12.676.195	4,35%	8.082.088
Skuldir í CAD .....	30.12.2011	2,61%	6.317.637	5,36%	65.658
			<u>193.776.877</u>		<u>85.707.815</u>

### Skuldir í íslenskum krónum:

Verðtryggðar .....	10.1.2037	5,17%	7.761.493	5,15%	6.932.814
Óverðtryggðar .....	19.1.2009	21,09%	4.242.000		0
			<u>12.003.493</u>		<u>6.932.814</u>
Vaxtaberandi skuldir samtals .....			<u>205.780.370</u>		<u>92.640.629</u>

2008                      2007

### Afborganir langtímalána greinast þannig á næstu ár:

Árið 2008.....		0	2.401.084
Árið 2009.....		5.439.610	3.012.120
Árið 2010.....		5.060.784	2.345.727
Árið 2011.....		24.159.150	5.055.364
Árið 2012.....		9.927.624	5.295.980
Árið 2013.....		28.769.781	6.088.684
Síðar .....		<u>128.181.421</u>	<u>66.234.751</u>
Langtímaskuldir samtals, þ.m.t. næsta árs afborgun .....		<u>201.538.370</u>	<u>90.433.710</u>

### Ábyrgðir og veðsetningar

Eigendur móðurfyrirtækisins eru í hlutfallslegri ábyrgð fyrir öllum skuldum og skuldbindingum samstæðunnar. Samstæðan hefur ekki veðsett eignir sínar til tryggingar á skuldum.

# Skýringar

## 23. Lífeyrisskuldbinding

Við stofnun Orkuveitu Reykjavíkur var áfallin lífeyrisskuldbinding vegna starfsmanna á þeim tíma gerð upp. Á fyrirtækinu hvílir lífeyrisskuldbinding vegna réttinda núverandi og fyrrverandi starfsmanna í réttindatengdum lífeyriskerfum. Skuldbinding þessi er vegna fyrirtækja sem hafa sameinast Orkuveitunni og hefur áhvílandi lífeyrisskuldbinding verið yfirtekin í tengslum við sameininguna.

Samkvæmt mati tryggingastærðfræðings námu áfallnar lífeyrisskuldbindingar fyrirtækisins 472 milljónir kr. í árslok 2008, núvirt miðað við 2% vexti, að teknu tilliti til hlutdeildar í hreinni eign lífeyrissjóðsins. Forsendur um lífslíkur eru í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 391/1998 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða. Áætluð hækkun skuldbindingarinnar á árinu byggir á almennri hækkun launa að teknu tilliti til vaxta. Hækkun skuldbindingarinnar á árinu er færð til gjalda í rekstrarreikningi á meðal launa og launatengdra gjalda. Sá hluti skuldbindingarinnar sem áætlaður er til greiðslu á árinu 2009 er færður á meðal skammtímaskulda.

<i>Lífeyrisskuldbinding greinist þannig:</i>	2008	2007
Lífeyrisskuldbinding í ársbyrjun .....	400.938	356.459
Framlag vegna lífeyrisgreiðslna á árinu .....	( 15.463)	( 11.256)
Hækkun á lífeyrisskuldbindingu á árinu .....	86.152	55.735
Lífeyrisskuldbinding í árslok .....	471.627	400.938
Langtímahluti lífeyrisskuldbindingar .....	456.027	395.338
Skammtímhloti lífeyrisskuldbindingar .....	15.600	5.600
	471.627	400.938

## 24. Aðrar fjárskuldir

### *Langtímaskuldir:*

*Aðrar fjárskuldir á gangvirði í gegnum rekstrarreikning*

Gjaldmiðlaskiptasamningar .....	34.468	60.550
---------------------------------	--------	--------

### *Skammtímaskuldir:*

*Viðskiptaskuldir*

Ýmsar viðskiptaskuldir .....	2.443.340	2.692.213
------------------------------	-----------	-----------

*Aðrar fjárskuldir á gangvirði í gegnum rekstrarreikning*

Gjaldmiðlaskiptasamningar .....	17.645	122.474
---------------------------------	--------	---------

*Aðrar skammtímaskuldir*

Ógreidd laun og launatengdir liðir .....	526.723	433.505
Áfallin vaxtagjöld .....	1.554.319	763.646
Ógreitt hlutafjárloforð .....	0	654.161
Næsta árs greiðslur vegna lífeyrisskuldbindingar .....	15.600	5.600
Aðrar skuldir .....	185.824	7.414
	2.282.466	1.864.326

# Skýringar

---

## 25. Áhættustýring og fjármálagerningar

### a) Yfirlit

Orkuveita Reykjavíkur hefur samþykkt stefnu um markmið og framkvæmd áhættustjórnunar. Meginmarkmið áhættustýringar samkvæmt stefnunni er að stuðla að stöðugri afkomu og lágmarka fjármagnskostnað með því að lágmarka sveiflur í gengi og álverði og stuðla að lágu vaxtastigi.

Gengisáhætta samstæðunnar er tengd áhættu í sjóðstreymi og áhættu í efnahagsreikningi. Vaxtaáhætta tengist þróun breytilegra vaxta og fastra vaxta og getur hvort heldur tengst sjóðstreymi eða efnahagsreikningi. Áhætta vegna þróunar álverðs er af völdum tengingar orkuverðs til stóriðju við álverð og tengist sjóðstreymi af orkusölu til stóriðju.

Fylgst er með gengisáhættu samstæðunnar bæði í sjóðstreymi og efnahagsreikningi með viðurkenndum reikniaðferðum. Árlegt staðalfrávik og dagleg fjárhæð í húfi (e. value at risk) fyrir skuldir og áætlað sjóðstreymi í erlendum myntum er mælt. Með sama hætti er fylgst með áhættu í sjóðstreymi af völdum verðbreytinga áls og vaxta.

Í stefnunni er áhætta skilgreind og árangursmælikvarðar settir. Stjórn fyrirtækisins fær reglulega yfirlit um stöðu og árangur áhættustýringar samstæðunnar.

Ákvörðunartaka og eftirlit með framkvæmd áhættustýringarinnar er hjá áhættunefnd. Í áhættunefnd sitja forstjóri, framkvæmdastjóri Fjármála, sviðsstjóri Fjár- og áhættustýringasviðs og sviðsstjóri Fjármálasviðs.

Fjárhagsleg áhætta greinist í:

- Markaðsáhætta
- Lausafjáráhætta
- Lánsáhætta

### b) Markaðsáhætta

Markaðsáhætta er hættan á því að breytingar á markaðsverði erlendra gjaldmiðla, álverðs og vaxta hafi áhrif á afkomu samstæðunnar eða virði fjármálagerninga. Þetta er sú áhætta sem vegur langþýngst hjá samstæðunni og greinist í:

- Gjalddeyrissáhætta vegna skulda í efnahagsreikningi og sjóðstreymis í erlendri mynt.
- Vaxtaáhætta vegna lána
- Áhættu vegna breytinga á heimsmarkaðsverði á áli.

# Skýringar

## 25. Áhættustýring og fjármálagerningar

### b) Markaðsáhætta, frh

#### (i) Gjaldmeyrisáhætta

Samstæðan býr við gengisáhættu vegna sölusamninga, innkaupa og langtímalána í öðrum gjaldmiðlum en íslenskum krónum (ISK). Þeir gjaldmiðlar sem einkum skapa gengisáhættu eru evra (EUR), svissneskir frankar (CHF), japanskt jen (JPY) og sænskar krónur (SEK).

Af langtímalánum samstæðunnar eru um 94,2% í erlendum gjaldmiðlum og mynda því gengisáhættu. Þessi gengisáhætta er varin í samræmi við stefnu fyrirtækisins um áhættustýringu þar sem veginn er saman vaxtakostnaður lánanna og gengisáhætta. Vaxtastig lána í erlendum gjaldmiðlum var umtalsvert lægra en lána í íslenskri krónu. Samstæðan hefur gert langtíma sölusamninga á raforku í erlendum gjaldmiðli (USD). Væntar tekjur vegna þessara samninga á uppgjörstegi er um 172.208 milljónir kr. Sú fjárhæð er byggð á framvirku verði á áli á LME (London Metal Exchange) á uppgjörstegi og væntinga um verðþróun á áli til næstu 30 ára samkvæmt mati CRU, óháðum matsaðila, eins og það liggur fyrir á uppgjörstegi. Vegna óvissu í alþjóða efnahagsmálum og vísbendinga um að CRU muni endurskoða væntingar sínar, hefur spá þeirra verið lækkuð um USD 400 á tonn af áli.

Gengi helstu gjaldmiðla var eftirfarandi á árinu:

	Meðalgengi		Árslokagengi	
	2008	2007	2008	2007
CHF .....	80,698	53,339	113,905	55,503
EUR .....	127,457	87,601	169,470	91,955
USD .....	88,088	64,016	121,245	62,405
JPY .....	0,863	0,544	1,3402	0,557
GBP .....	159,361	128,072	176,745	125,050
SEK .....	13,195	9,470	15,523	9,743
CAD .....	81,585	59,750	98,750	63,655
GVT .....	166,444	118,000	216,3	12,85

## Skýringar

### 25. Áhættustýring og fjármálagerningar frh.:

#### b) Markaðsáhætta, frh

#### (ii) Mögulegt tap vegna gjaldeyrisáhattu

Gjaldeyrisáhætta samstæðunnar miðað við nafnverðsfjárhæðir er eftirfarandi (fjárhæðir eru í þúsundum króna):

Árið 2008	CHF	EUR	USD	JPY	GBP	CAD	SEK	DKK	NOK	Samtals
Vaxtaberandi skuldir .	( 39.214.737)	( 76.654.728)	( 31.994.843)	( 23.635.999)	( 3.282.738)	( 6.317.637)	( 12.676.195)			( 193.776.877)
Viðskiptaskuldir .....							( 2.645)	( 2.235)		( 4.880)
Viðskiptakröfur .....	11.922	214.851	406.224		1.061			10.595		644.653
Bankainnstæður .....	2.516	26.204	428.906	81	7.104	44.489	2.833			512.133
Álafleiður .....			9.091.449							9.091.449
Áhætta í efnahagsreikningi	( 39.200.299)	( 76.413.673)	( 22.068.264)	( 23.635.918)	( 3.274.573)	( 6.273.148)	( 12.676.007)	8.360	0	( 183.533.522)
Áætluð sala 2009 .....			4.235.432							4.235.432
Áætluð kaup 2009 .....		( 2.852.531)	( 143.411)	( 1.650.829)	( 538)	( 1.183)	( 6.890)	( 528)		( 4.655.910)
Áhætta utan efnahagsreiknings	0	( 2.852.531)	4.092.021	( 1.650.829)	( 538)	( 1.183)	( 6.890)	( 528)	0	( 420.478)
Skiptasamningar .....	( 835.899)			783.787						( 52.112)
Nettó áhætta	( 40.036.198)	( 79.266.204)	( 17.976.243)	( 24.502.960)	( 3.275.111)	( 6.274.331)	( 12.682.897)	7.832	0	( 184.006.112)

## Skýringar

### 25. Áhættustýring og fjármálagerningar frh.:

#### b) Markaðsáhætta, frh.

#### (ii) Mögulegt tap vegna gjaldeyrisáhattu, frh.

Árið 2007	CHF	EUR	USD	JPY	GBP	CAD	SEK	DKK	NOK	Samtals
Vaxtaberandi skuldir .	( 19.248.482)	( 34.751.351)	( 11.738.228)	( 9.358.630)	( 2.463.379)	( 65.658)	( 8.082.087)			( 85.707.815)
Viðskiptaskuldir .....	( 143)	( 123.224)	( 27.021)		( 670)			( 5.767)	( 5.822)	( 162.647)
Viðskiptakröfur .....			275.299				1.559			276.858
Bankainnstæður .....	1.925	557.967	273.259	623	2.000	6	2.001			837.781
Álafleiður .....			8.154.304							8.154.304
Áhætta í efnahagsreikningi	( 19.246.700)	( 34.316.608)	( 3.062.387)	( 9.358.007)	( 2.462.049)	( 65.652)	( 8.078.527)	( 5.767)	( 5.822)	( 76.601.519)
Áætluð sala 2008 .....			2.492.966							2.492.966
Áætluð kaup 2008 .....		( 1.645.850)		( 683.954)						( 2.329.804)
Áhætta utan efnahagsreiknings	0	( 1.645.850)	2.492.966	( 683.954)	0	0	0	0	0	163.162
Skiptasamningar .....	( 468.225)	526.172	437.746	386.777	( 1.037.912)					( 155.442)
Framv. samningar .....	( 19)	( 350)	( 234)	( 34)	( 121)	( 12)	( 33)	( 77)	( 64)	( 944)
Nettó áhætta .....	( 19.714.944)	( 35.436.636)	( 131.909)	( 9.655.218)	( 3.500.082)	( 65.664)	( 8.078.560)	( 5.844)	( 5.886)	( 76.594.743)

#### Næmnigreining

Styrking íslensku krónunnar um 10% gagnvart eftirfarandi gjaldmiðlum myndi hækka (lækka) eigið fé og afkomu eins árs um eftirfarandi fjárhæðir.

#### Hagnaður eða (tap)

	CHF	EUR	USD	JPY	GBP	CAD	SEK	DKK	NOK	Samtals
Árið 2008 .....	2.998.823	5.845.646	1.688.222	1.808.148	250.505	479.896	969.715	( 640)	0	14.040.315
Árið 2007 .....	1.424.256	2.539.429	226.617	692.493	182.192	4.858	597.811	427	431	5.668.514

Greiningin byggir á því að allar aðrar breytur, sérstaklega vextir, haldist stöðugar miðað við stöðu í árslok. Greiningin var unnin með sama hætti fyrir árið 2007. Veiking íslensku krónunnar um 10% gagnvart framangreindum gjaldmiðlum hefði sömu áhrif en í gagnstæða átt að því gefnu að allar aðrar breytur hefðu haldist stöðugar.

# Skýringar

## 25. Áhættustýring og fjármálagerningar frh.:

### b) Markaðsáhætta, frh

#### (iii) Vaxtaáhætta

Vaxtaberandi fjáreignir og fjárskuldir samstæðunnar greinast með eftirfarandi hætti í lok ársins:

<i>Fjármálagerningar með fasta vexti</i>	2008	2007
Fjáreignir .....	216.705	186.765
Fjárskuldir .....	15.015.002	10.775.934
	<u>14.798.297</u>	<u>10.589.169</u>
 <i>Fjármálagerningar með fljótandi vexti</i>		
Fjáreignir .....	0	27.582
Fjárskuldir .....	190.817.481	82.047.719
	<u>190.817.481</u>	<u>82.020.137</u>

#### *Næmnigreining gangvirðis fjármálagerninga með fasta vexti*

Fjármálagerningar samstæðunnar með fasta vexti eru ekki færðir á gangvirði í gegnum rekstrarreikning, auk þess sem afleiðusamningar (þ.e. gjaldmiðlaskiptasamningar) eru ekki tilgreindir í áhættuvarnarsambandi sem gangvirðisvarnir. Vaxtabreytingar á uppgjörstremis eiga því ekki að hafa áhrif á rekstrarreikning samstæðunnar.

#### *Næmnigreining sjóðstreymis vegna fjármálagerninga með breytilega vexti*

Breyting á vöxtum á uppgjörstremis um 100 punkta myndi hækka (lækka) eigið fé og afkomu eins árs um neðangreindar fjárhæðir. Þessi greining byggir á þeirri forsendu að allar aðrar breytur, sérstaklega gengi gjaldmiðla, haldist stöðugar. Greiningin var unnin með sama hætti árið 2007.

	Afkoma	
	100 p hækkun	100 p lækkun
<b>Árið 2008</b>		
Fjármálagerningar með breytilega vexti .....	( 2.435.472)	2.612.795
Næmnigreining sjóðstreymis, nettó .....	( 2.435.472)	2.612.795
 <b>Árið 2007</b>		
Fjármálagerningar með breytilega vexti .....	( 958.175)	999.368
Næmnigreining sjóðstreymis, nettó .....	( 958.175)	999.368

# Skýringar

## 25. Áhættustýring og fjármálagerningar frh.:

### b) *Markaðsáætta, frh*

#### (iv) *Álverðsáætta*

Samstæðan hefur gert raforkusölusamninga þar sem söluverð á raforku byggir m.a. á markaðsverði áls á LME (London Metal Exchange). Samstæðan hefur ekki varið sig sérstaklega fyrir breytingum á álverði. Tekjur af raforkusölusamningum sem tengdir eru álverði námu 15,6% af heildartekjum samstæðunnar á árinu.

#### *Næmnigreining*

Breyting á álverði um 10% í lok ársins, til hækkunar eða lækkunar hefði eftirfarandi áhrif á hagnað eða tap samstæðunnar eftir skatta.

	Hagnaður eða (tap)	
	2008	2007
Hækkun um 10%.....	6.897.313	3.109.583
Lækkun um 10%.....	( 6.844.999)	( 3.109.583)

#### (v) *Önnur markaðsverðsáætta*

Önnur markaðsáætta er takmörkuð, þar sem fjárfestingar í skuldabréfum og eignarhlutum er óverulegur hluti af starfsemi samstæðunnar.

#### (vi) *Samhengi álverðs og vaxta*

Rannsóknir okkar hafa leitt í ljós samfylgni í verði áls og vaxta, þannig leiða álverðsbreytingar vaxtabreytingar í tíma. Þessi samfylgni leiðir til innbyggðrar áhættuvarnar.

### c) *Lausafjáráætta*

Lausafjáráætta er hættan á því að samstæðan geti ekki staðið við fjárskuldbindingar sínar eftir því sem þær gjaldfalla. Markmið samstæðunnar er að stýra lausafé þannig að tryggt sé að það hafi alltaf nægt laust fé til að mæta skuldbindingum sínum eftir því sem þær gjaldfalla og forðast þannig að skaða orðspor fyrirtækisins.

Ábyrgð eigenda á lánum fyrirtækisins og góð lánshæfiseinkunn hefur auðveldað fyrirtækinu aðgang að lánsfé á góðum kjörum. Fyrir ábyrgð eigenda greiðir fyrirtækið 0,25% ábyrgðargjald af höfuðstól lána á hverjum tíma. Virkjunarframkvæmdir á Helligheiði hafa fyrst og fremst verið fjármagnaðar með lánum frá Evrópska fjárfestingabankanum (EIB), Þróunarbanka Evrópu (CEB) og Norræna fjárfestingabankanum (NIB) en allir þessir bankar hafa lýst áhuga á að taka áframhaldandi þátt í fjármögnun framkvæmda á sviði jarðvarmavirkjana eins og Helligheiðarvirkjun er. Lánstími lánanna er langur og hefur verið ákvarðaður í samræmi við langtímasamninga um raforkusölu, til að takmarka endurfjármögnunaráhættu fyrirtækisins.

Orkuveitan átti í árslok handbært fé að fjárhæð um 1,2 milljarða kr. Orkuveitan átti einnig ónýttar lánsheimildir og opna lánalínu upp á samtals um 8,6 milljarða kr. Jafnframt var Orkuveitan með sölutryggða skuldabréfaútgáfu að fjárhæð 5,0 milljarðar kr. Samtals átti Orkuveitan þannig tryggt lausafé í árslok upp á um 14,8 milljarða kr. Samsvarandi fjárhæð árið 2007 nam um 23 milljörðum kr.

# Skýringar

## 25. Áhættustýring og fjármálagerningar frh.:

*Samningsbundnar greiðslur vegna fjárskulda, þar með taldir væntanlegar vaxtagreiðslur, greinast þannig:*

	Bókfært verð	Samnings- bundið sjóðsflæði	Minna en 1 ár	1 - 2 ár	2-5 ár	Meira en 5 ár
<b>Árið 2008</b>						
<i>Fjármálagerningar sem ekki eru afleiður</i>						
Vaxtaberandi						
skuldir .....	205.780.370	( 261.357.284)	( 27.696.004)	( 8.775.085)	( 62.352.858)	( 162.533.337)
Viðskiptaskuldir .....	2.443.340	( 2.443.340)	( 2.443.340)			
Aðrar skuldir .....	2.282.684	( 2.282.684)	( 2.282.684)			
<i>Fjármálagerningar sem eru afleiður</i>						
Gjaldmiðaskipta- samningar .....	52.113	( 60.872)	( 17.480)	( 14.827)	( 28.565)	0
	<u>210.558.506</u>	<u>( 266.144.180)</u>	<u>( 32.439.508)</u>	<u>( 8.789.912)</u>	<u>( 62.381.423)</u>	<u>( 162.533.337)</u>

## **Árið 2007**

*Fjármálagerningar sem ekki eru afleiður*

Vaxtaberandi						
skuldir .....	92.640.629	( 133.391.720)	( 8.378.826)	( 6.596.026)	( 22.626.844)	( 95.790.024)
Viðskiptaskuldir .....	2.692.213	( 2.692.213)	( 2.692.213)			
Aðrar skuldir .....	1.875.495	( 1.875.495)	( 1.875.495)			

*Fjármálagerningar sem eru afleiður*

Gjaldmiðaskipta- samningar .....	155.442	( 236.417)	( 136.629)	( 26.949)	( 61.015)	( 11.824)
	<u>97.363.779</u>	<u>( 138.195.845)</u>	<u>( 13.083.163)</u>	<u>( 6.622.975)</u>	<u>( 22.687.859)</u>	<u>( 95.801.848)</u>

Gert er ráð fyrir endurfjármögnun langtímalána til lengingar lánstíma. Því má gera ráð fyrir að dreifing afborgana verði önnur en að ofan greinir.

# Skýringar

## 25. Áhættustýring og fjármálagerningar frh.:

### d) Lánsáhætta

Lánsáhætta er hættan á fjárhagslegu tapi samstæðunnar ef viðskiptamaður eða mótaðili í fjármálagerningi getur ekki staðið við umsamdar skuldbindingar sínar. Lánsáhætta samstæðunnar væri einkum vegna viðskiptakrafna. Tap vegna vangoldinna krafna eru óveruleg og hafa takmörkuð áhrif á afkomu samstæðunnar.

**Mesta mögulega tap samstæðunnar vegna fjáreigna er bókfært verð þeirra, sem var eftirfarandi í árslok:**

	Skýr.	2008	2007
Viðskiptakröfur .....	19	3.292.480	2.750.350
Aðrar skammtímakröfur .....	19	563.279	697.023
Aðrar fjáreignir .....	16	111.374	226.494
Handbært fé .....	20	1.243.639	3.751.013
		<u>5.210.772</u>	<u>7.424.880</u>

**Mesta mögulega tap vegna viðskiptakrafna á reikningskiladegi eftir viðskiptavinum:**

Viðskiptakröfur, stórnótendur .....	478.427	190.515
Viðskiptakröfur, smásala .....	<u>2.814.053</u>	<u>2.559.835</u>
	<u>3.292.480</u>	<u>2.750.350</u>

### Virðisrýrnun

Aldursgreining viðskiptakrafna og niðurfærsla í árslok:

	2008		2007	
	Brúttó staða	Niðurfærsla	Brúttó staða	Niðurfærsla
Ógjaldfallnar kröfur .....	2.707.804	68.112	2.080.265	49.096
Gjaldfallnar kröfur .....	<u>811.966</u>	<u>159.178</u>	<u>769.599</u>	<u>50.418</u>
	<u>3.519.770</u>	<u>227.290</u>	<u>2.849.864</u>	<u>99.514</u>

### e) Gangvirði

**Samanburður á gangvirði og bókfærðu verði**

Bókfært virði fjáreigna og fjárskulda í ársreikningnum er jafnt og gangvirði þeirra með þeirri undantekningur að vaxtaberandi skuldir eru færðar á afskrifuðu kostnaðarverði. Bókfært verð og gangvirði þeirra greinist með eftirfarandi hætti:

	2008		2007	
	Bókfært verð	Gangvirði	Bókfært verð	Gangvirði
Vaxtaberandi skuldir .....	(205.780.370)	(185.480.733)	(92.640.629)	(95.712.367)
Innbyggðar afleiður í raforkusölusamningum .....	9.091.449	9.091.449	8.154.304	8.154.304
Gjaldmiðlaskiptasamningar (SWAP) .....	(52.113)	(52.113)	(155.442)	(155.442)
Framvirkir gjaldmiðlaskiptasamningar .....	0	0	152.995	152.995

Gangvirði vaxtaberandi skulda er reiknað núvirði höfuðstóls og vaxta og er afvaxtað með markaðsvöxtum auk viðeigandi áhættuálags á uppgjörsdegi.

# Skýringar

## 25. Áhættustýring og fjármálagerningar frh.:

### Vextir við mat á gangvirði

Þar sem við á er notaður vaxtaferill á uppgjörstegði þegar vænt sjóðsstreymi er núvirt. Vextirnir greinast þannig:

	2008	2007
Vaxtaberandi skuldir .....	0,02%-18,575%	0,61%-5,99%
Innbyggðar afleiður í raforkusölusamningum .....	0,135%-2,743%	3,81%-5,03%

## f) Yfirlit um fjármálagerninga

Fjáreignir og fjárskuldir greinast í eftirfarandi flokka fjármálagerninga:

	2008			2007		
	Lán og kröfur	Fjáreignir og fjárskuldir á gangvirði í gegnum rekstur	Fjáreignir til sölu	Lán og kröfur	Fjáreignir og fjárskuldir á gangvirði í gegnum rekstur	Fjáreignir til sölu
Eignarhlutar í öðrum félögum .....		294.909	9.731.102		593.938	9.329.384
Innbyggðar afleiður í raforkusölusamn. ....		9.091.449			8.154.304	
Aðrar fjáreignir .....	216.705			186.765	180.577	
Viðskiptakröfur .....	3.292.480			2.750.350		
Aðrar skammtímakr. ...	563.279			697.023		
Handbært fé .....	1.243.639			3.751.013		
Vaxtaberandi skuldir .. ( 205.780.370)				( 92.640.629)		
Aðrar fjárskuldir .....	( 52.113)			( 183.024)		
Viðskiptaskuldir .....	( 2.443.340)			( 2.692.213)		
Aðrar skammtímask. .. ( 2.282.466)				( 1.864.326)		

## 26. Sjóðstreymisyfirlit, sundurliðun

Handbært fé frá rekstri fyrir vexti og tekjuskatt samkvæmt sjóðstreymisyfirliti greinist þannig:

	2008	2007
(Tap) hagnaður ársins .....	( 72.959.710)	6.515.823
Leiðrétt fyrir:		
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld .....	92.523.476	( 4.055.178)
Gengismunur af handbæru fé .....	( 681.612)	30.017
Hlutdeild minnihluta .....	( 76.993)	6.868
Hlutdeild í afkomu hlutdeildarféлага .....	276.339	121.124
Tekjuskattur .....	( 15.064.266)	1.794.317
Afskriftir .....	6.952.772	5.538.300
Söluhagnaður eigna og önnur breyting .....	0	( 241.575)
Lífeyrisskuldbinding, hækkun .....	70.689	44.480
Veltufé frá rekstri án vaxta og skatta	11.040.695	9.754.176
Birgðir, (hækkun) .....	( 575.473)	( 246.911)
Skammtímakröfur, (hækkun) .....	( 288.807)	( 392.854)
Skammtímaskuldir, (lækkun) hækkun .....	( 362.776)	416.058
Handbært fé frá rekstri án vaxta og skatta	9.813.640	9.530.469

# Skýringar

## 27. Tengdir aðilar

### Skilgreining tengdra aðila

Reykjavíkurborg, stofnanir og félög undir stjórn borgarinnar, dótturfyrirtæki Orkuveitunnar, hlutdeildarfélög, stjórnarmenn og lykilstjórnendur fyrirtækisins eru skilgreindir sem tengdir aðilar samstæðunnar. Makar þessara aðila og ófjárráða börn falla einnig undir skilgreininguna ásamt fyrirtækjum í eigu eða undir stjórn þessara aðila.

### Viðskipti við tengda aðila

Framangreindir aðilar hafa átt í viðskiptum við samstæðuna á árinu. Skilyrði og skilmálar viðskiptanna voru sambærileg og við ótengda aðila.

Eftirfarandi er yfirlit um helstu viðskipti við tengda aðila á árinu ásamt yfirliti um kröfur og skuldir samstæðunnar við þessa aðila í árslok. Upplýsingar er varða stjórnarmenn og lykilstjórnendur ná einnig til maka þessara aðila, ófjárráða barna ásamt fyrirtækja í eigu þessara aðila eða undir þeirra stjórn. Upplýsingarnar ná ekki til sölu Orkuveitunnar á hefðbundnum aðföngum til heimilisreksturs viðkomandi aðila.

<i>Sala til tengdra aðila á árinu var eftirfarandi:</i>	2008	2007
Reykjavíkurborg .....	2.903.487	2.233.299
Stofnanir og félög undir stjórn Reykjavíkurborgar .....	440.737	452.281
Dótturfyrirtæki .....	702.414	399.399
Hlutdeildarfélög .....	386	982
Stjórnarmenn og lykilstjórnendur .....	1.318	772
	<u>4.048.342</u>	<u>3.086.733</u>

### *Kaup á vörum og þjónustu af tengdum aðilum á árinu voru eftirfarandi:*

Reykjavíkurborg .....	304.238	63.762
Stofnanir og félög undir stjórn Reykjavíkurborgar .....	86.174	74.654
Dótturfyrirtæki .....	224.937	260.057
Hlutdeildarfélög .....	45.477	147.390
Stjórnarmenn og lykilstjórnendur .....	20.440	1.606
	<u>681.266</u>	<u>547.469</u>

### *Kröfur á hendur tengdra aðila í árslok voru eftirfarandi:*

Reykjavíkurborg .....	239.218	44.934
Stofnanir og félög undir stjórn Reykjavíkurborgar .....	85.065	51.992
Dótturfyrirtæki .....	111.776	226.335
Hlutdeildarfélög .....	16.033	15.280
Stjórnarmenn og lykilstjórnendur .....	929	772
	<u>453.021</u>	<u>339.313</u>

### *Skuldir við tengda aðila voru eftirfarandi í árslok:*

Reykjavíkurborg .....	17.016	16.850
Stofnanir og félög undir stjórn Reykjavíkurborgar .....	17.761	54.073
Dótturfyrirtæki .....	569.692	166.241
Hlutdeildarfélög .....	332	62
Stjórnarmenn og lykilstjórnendur .....	22	0
	<u>604.824</u>	<u>237.226</u>

# Skýringar

## 27. Tengdir aðilar frh.

### Ábyrgðargjald til eigenda

Orkuveitan greiddi ábyrgðargjald til Reykjavíkurborgar og annarra núverandi og fyrrverandi eigenda fyrirtækisins vegna ábyrgða sem þeir hafa veitt á skuldir samstæðunnar samkvæmt ákvörðun aðalfundar Orkuveitunnar 2005. Á þeim aðalfundi var samþykkt að ábyrgðargjald skyldi vera 0,0625% ársfjórðungslega af stöðu lána á uppgjörstigi. Ábyrgðargjaldið nam samtals 300 milljónum kr. á árinu (2007: 154 milljónir kr.) og er fært á meðal vaxtagjalda sbr. skýring nr. 9.

## 28. Fyrirtæki í samstæðunni

*Eignarhlutar í dótturfyrirtækjum sem eru innifalin í samstæðureikningnum greinast þannig:*

	Meginstarfsemi	Nafnverð	Eignarhluti	
			2008	2007
Gagnaveita Reykjavíkur ehf. ....	Gagnaflutningar	4.736.841	100,0%	100,0%
Hitaveita Akraness og Borgarfj ....	Hitaveita		79,3%	79,3%
Reykjavík Energy Invest ehf. ....	Fjárfestingarfyrirtæki	3.004.723	100,0%	100,0%
REYST hf. ....	Orkuskóli	10.500	99,99%	
Úlfljótsvatn frítímabyggð ehf. ....	Undirbúningsfyrirtæki	225.000	100,0%	100,0%
Hrafnabjargavirkjun ....	Undirbúningsfyrirtæki	6.000	60,0%	60,0%
NCI fjarskipti og orka ehf. ....	Án rekstrar			100,0%

### *Helstu breytingar á samstæðunni á árinu*

Í febrúar stofnaði Orkuveita Reykjavíkur ásamt Háskóla Íslands og Háskólanum í Reykjavík fyrirtækið REYST hf. Tilgangur fyrirtækisins er að færa samfélaginu sérfræðipækningu á sviði sjálfbærrar orku með kennslu og rannsóknum á alþjóðavísu.

NCI fjarskipti og orka ehf. var slitið á árinu 2008.

# Skýringar

## 29. Önnur mál

*Hitaveita Suðurnesja (nú HS Orka hf. og HS Veitur hf.)*

Orkuveita Reykjavíkur keypti á árinu 2007 16,58% eignarhlut í Hitaveitu Suðurnesja hf. Samkvæmt samningi á milli Orkuveitu Reykjavíkur og Hafnarfjarðarbæjar skuldbatt fyrirtækið sig til að kaupa til viðbótar alla hluti Hafnarfjarðarbæjar í Hitaveitu Suðurnesja (nú HS Orka hf. og HS Veitur hf.) samtals 1.133.356.000 kr. að nafnverði á genginu 7. Bæjarstjórn Hafnarfjarðar samþykkti á fundi sínum þann 18. desember 2007 að selja til Orkuveitu Reykjavíkur 95% af eignarhlut bæjarins í Hitaveitu Suðurnesja. Í ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 23/2008 frá 17. apríl 2008 eru meðal annars eftirfarandi ákvörðunarorð: "Með heimild í 16. gr. samkeppnislaga nr. 44/2005, beinir Samkeppniseftirlitið eftirfarandi fyrirmælum til Orkuveitu Reykjavíkur: Orkuveitu Reykjavíkur er óheimilt að eiga meira en 3% eignarhlut í Hitaveitu Suðurnesja. Orkuveita Reykjavíkur skal gera breytingar á eignarhaldi sínu í Hitaveitu Suðurnesja fyrir ... ." Stjórn Orkuveitunnar leitaði réttarúræða til að fá ákvörðun Samkeppniseftirlitsins hnekkkt en áfrýjunarnefnd samkeppnismála staðfesti niðurstöðu Samkeppniseftirlitsins þann 2. júlí 2008 með þeirri breytingu að Orkuveitu Reykjavíkur væri ekki heimilt að eiga hlut í Hitaveitu Suðurnesja sem nemur 10% eða meira.

Með vísan til ákvörðunar Samkeppniseftirlitsins og áfrýjunarnefndar samkeppnismála telur stjórn Orkuveitunnar sér ekki heimilt að uppfylla samning sinn við Hafnarfjarðarbæ um kaup á 95% eignarhluta bæjarins í Hitaveitu Suðurnesja. Hafnarfjarðarbær hefur stefnt Orkuveitunni til innheimtu á söluandvirði sammingsins. Málið var þingfest í Héraðsdómi Reykjavíkur þann 28. apríl 2008 og fer aðalmeðferð málsins fram 9. mars 2009.

Stjórn Orkuveitu Reykjavíkur hefur óskað eftir því við samkeppnisyrfirvöld að fá frest til ársloka 2009 til að minnka eignarhlut sinn. Allur eignarhluti Orkuveitunnar í HS Veitum hf. og HS Orku hf. er í sölu meðferð.

*Almenn óvissa í efnahagsumhverfi á Íslandi*

Miklar breytingar hafa orðið á íslensku fjármálaumhverfi eftir fall íslensku bankanna í byrjun október sem hefur leitt til erfiðara aðgengis íslenskra fyrirtækja að fjármagni. Þrátt fyrir þetta umrót er lausafjárstaða samstæðunnar sterk.

*Ahrif mikilla gengissveiflna á gjaldeyrismarkaði á stöðu fyrirtækisins*

Í fjárhagsáætlun Orkuveitunnar fyrir árið 2008 var gert ráð fyrir að GVT yrði 155 í árslok og var það byggt á spám greiningadeilda bankanna og opinberra aðila.

GVT í árslok var 216,3. Þann 26. febrúar 2009 var GVT 187,0. Ef vaxtaberandi skuldir félagsins hefðu verið gerðar upp m.v. gengi 26. febrúar 2009 hefðu þær numið 178,7 milljörðum kr. eða 27,1 milljarði lægri kr. en staða þeirra er skráð 31.12.2008. Á sama hátt hefðu innbyggðar afleiður í raforkusölusamningum numið 8,4 milljarði kr. eða 0,7 milljörðum kr. lægri en staða þeirra var í árslok. milljörðum lægri en staða þeirra er skráð 31.12.2008.

*Gjaldfallnir afleiðusamningar*

Í kjölfar falls íslensku bankanna hefur velta á gjaldeyrismarkaði verið lítil og varla hægt að segja að gjaldeyrismarkaðurinn sé virkur. Vegna fallsins voru gjaldeyrisviðskipti takmörkuð af hálfu Seðlabanka Íslands og í lok nóvember setti Alþingi viðauka í lög nr. 87/1992 um gjaldeyrismál, en með viðaukanum eru sett á gjaldeyrishöft.

Á meðal annarra skulda eru færðir gjaldfallnir afleiðusamningar við gamla Glitni. Samningarnir hafa ekki verið gerðir upp þar sem mikil óvissa ríkir, bæði hjá Orkuveitunni og skilanefnd bankans, um hvernig meðhöndla eigi uppgjör þeirra. Við ársuppgjör var ákveðið í varúðarskyni, að styðjast við skráð miðgengi Seðlabanka Íslands þann 7. október 2008 þar sem það gengi er síðasta skráða gengi bankans áður en skilanefnd tók yfir stjórn gamla Glitnis. GVT þá var 175 og er bókfært verð afleiðusamninganna neikvætt um 181,2 milljónum kr. samkvæmt því viðmiði. Samningarnir voru áður færðir sem aðrar fjáreignir eða aðrar fjárskuldir en eru nú flokkaðar með öðrum skammtímaskuldum.